

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júní 2005 - 163. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fréttasími: 821 7556

LAUGARDAGUR

Berum fullt traust til þjálfarans og leikmanna

Jónas Kristinsson, formaður KR-Sports, segir engan taugatitring vera í Vesturbænum þrátt fyrir afleitt gengi í upphafi móts. Þjálfarinn verður ekki rekinn og stjórnin stendur heilshugar á bak við þjálfarann og leikmenn liðsins.

ÍÞRÓTTIR 26



Þefaðir uppi

Er hægt að lesa í persónuleika manna og starf út frá rakspíranum? Fréttablaðið fékk fjóra karlmenn úr mismunandi starfsstéttum til að segja frá upphaldsrakspíranum sínum og þrjár konur til að giska á hver ætti hvaða spíra.

ILMUR 22


Hrekklaus dugnaðarforkur

Halldór Ásgrímsson er góður húmoristi, ræktarsamur við fjölskyldu sína og berst ekki mikið á. Veikleiki hans er þungt skap og stundum þunglamaleg framkoma. Halldór er maður vikunnar.

MAÐUR VIKUNNAR 10



VEÐRIÐ Í DAG



BJART MEÐ KÖFLUM suðvestan og vestan til, annars yfirleitt skýjað. Hætt við lítilsháttar súl með norður- og austurströndinni. Hiti 8-17 stig, hlýjast til landsins suðvestan til.

VEÐUR 4

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Laugardagur:
25-49 ára*

74%

Fréttablaðið

58%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á laugardögum.



KVENKYNS HEIÐURSVÖRÐUR Að þessu sinni stóðu eingöngu kvenlögregluþjórnar heiðursvörðinn fyrir framan Alþingishúsið að morgni 17. júní. Þeim hefur eflaust verið býsna heitt í búningunum svörtu enda var þjóðhátíðardagurinn sá heitasti síðan lýðveldið var stofnað. Veðrið var aðeins síðra á norðan- og austanverðu landinu en þátttaka í hátíðarhöldum var engu að síður víðast hvar með miklum ágætum.

Stoltur af þjóðinni

Breytingar á stjórnsýslu landsins og aukið samstarf atvinnulífsins og hins opinbera voru á meðal þess sem Halldór Ásgrímsson tæpti á í þjóðhátíðarræðu sinni í gær. Formaður Samfylkingarinnar segir slíkar breytingar tímabærar.

ÞJÓÐHÁTÍÐARRÆÐA Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra boðaði breytingar á stjórnsýslu ríkisins í sinni fyrstu þjóðhátíðarræðu í blíðskaparveðri á Austurvelli í gær. Hann kallaði jafnframt eftir auknu samstarfi ríkis og atvinnulífs á sviði nýsköpunar.

„Mennirnir eru jafn ólíkir og þeir eru margir,“ voru upphafsorð forsætisráðherra. Í ræðu sinni kvaðst Halldór binda miklar vonir við störf endurskoðunarnefndar stjórnarskrárinnar sem skipuð var í byrjun þessa árs. Þá sagði hann ekki síður nauðsynlegt að endurskoða skipulag stjórnsýslunnar. „Það þarf að gera hana markvissari og meira í takt við tímann,“ sagði forsætisráðherra en síðast fór slík skoðun á stjórnarráðinu fram árið 1969. „Ég tel mikilvægt að hefjast handa um slíka endurskoðun nú í haust og ljúka henni á tiltölulega stuttum tíma.“

Halldór gerði að umtalsefni að ekki ætti að einblína á það sem miður færi heldur draga lærdóm af mistökunum og horfa björtum augum á framtíðina. Hann bar í framhaldi af því saman frásagnir af árinu 1955. „Sumir myndu kalla þetta rigningarsumarið mikla, aðrir myndu minnst þess sem ársins þegar Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin.“



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON „Íslendingar eiga að bera höfuðið hátt,“ sagði forsætisráðherra í ávarpi sínu.

Forsætisráðherrann lét þá skoðun enn fremur í ljós að stórfyrirtæki sem skiluðu miklum arði bæru samfélagslega ábyrgð og eðlilegt væri að þau tækju þátt í mikilvægum málum á sviði nýsköpunar, menningar og velferðar. „Þeim ber að nýta hagnað til að byggja upp.“ Halldór gat þess einnig að Íslendingar væru í fjórða sæti í heiminum yfir þær þjóðir sem sýndu hraðastar framfarir á sviði rannsóknar og nýsköpunar.

Mikillar bjartsýni gætti í ræðu forsætisráðherra, sem sagði að Íslendingar ættu að bera höfuðið hátt án þess að ofmetnast. „Ég er stoltur af íslensku þjóðinni.“

„Þetta er auðvitað orðið löngu tímabært, ríkisstjórnin hefur haft tólf ár til þessa verkefnis,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, um hugmyndir forsætisráðherra um breytingar á stjórnsýslunni.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, telur að með tillögum sínum sé forsætisráðherrann að beina sjónum almennings frá ástandinu eins og það er í dag. „Við ættum að endurskoða allt ferlið í kringum sölu á ríkiseignum, þar hefur framganga ríkistjórnarinnar verið með ólíkindum.“

- fgg



FRÁ ÖXNADAL Tveir ungir menn dóu í umferðarslysi á þessum slóðum í fyrrinótt.

Umferðarslys í Öxnadal:

Tveir piltar biðu bana

SLYS Tveir unglingspiltar létu lífið þegar bifreið sem þeir voru í lenti utan vegar í mynni Öxnadals aðfaranótt föstudags.

Þegar sjúkraliði kom á vettvang voru piltarnir látnir. Hinir tveir piltarnir voru fluttir slasaðir á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Annar þeirra var lagður inn á slysadeild en hinn á gjörgæslu.

Drengnum sem lagður var inn á slysadeild líður vel eftir atvikum en hinn var fluttur á Landspítalann í Reykjavík til frekari skoðunar. Hann liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild og segja læknar enn of snemma að segja til um batahorfur hans.

Þeir sem létust í slysinu hétu Sigurður Ragnar Eyjólfsson, 18 ára, til heimilis að Kirkjuvegi 18, Reykjanesbæ, og Þórarinn Samúel Guðmundsson, 15 ára, til heimilis að Silfurtúni 18c, Garði.

Sökum slyssins var hætt við hátíðahöld í tilefni þjóðhátíðarinnar í Garðinum.

Engin vitni voru að slysinu en lögreglan á Akureyri rannsakar tildrög þess.

-ifv



SPURNING DAGSINS

Benedikt, er þetta draumi líkast?

„Nei, þetta er blákaldr veruleikinn.“

Benedikt Erlingsson leikstýrði sýningunni Draumleikur, sem valin var sýning ársins á Grímunni, íslensku leiklistaverðlaununum, á fimmtudaginn. Benedikt var einnig valinn leikstjóri ársins.

Norður-Kórea vill funda: Lítill áhugi í Washington

WASHINGTON, AP Norður-kóresk stjórnvöld segjast vilja funda með bandarískum stjórnvöldum í næsta mánuði og ræða um kjarnorkuafvopnun. Háttsettur embættismaður í Washington segir að bandarísk stjórnvöld taki þessar yfirlýsingar ekki alvarlega og líti á þær sem enn eitt mælskubragðið af hálfu Norður-Kóreumanna.

Samningaviðræður hafa legið niðri í eitt en Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreumanna, segist reiðubúinn að funda á ný ef honum verði sýnd tilhlýðileg virðing. Bandaríkjamenn segja Norður-Kóreumenn verða að sýna að þeir séu reiðubúnir að taka þátt í uppbyggilegum viðræðum, en það hafi þeir ekki gert hingað til. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ÁTÖK Á DANSLEIK Átök brutust út á dansleik í Ólafsvík í fyrrakvöld með þeim afleiðingum að færa þurfti einn á sjúkrahús. Sauma þurfti nokkur spor í höfuð mannsins en hann fékk að fara heim að aðgerð lokinni. Málið er upplýst en kæra hefur ekki verið lögð fram.

RANGUR STADUR Ölvaður maður ákvað að fá sér léttan blund eftir sama dansleik í Ólafsvík. Hann taldi besta náttstaðinn vera þriggja hæða vinnupall við byggingu í bæn-um. Tókst lögreglu að vekja manninn í morgunsárið áður en slys hlaut af.

INNBROT HJÁ KA Tilkynnt var um innbrot í KA-heimilið á Akureyri í fyrrinótt. Litlu var stolið en talsverðar skemmdir unnar á innanstokksmunum. Málið er í rannsókn.

Mjög góð kjörsókn í írönsku forsetakosningunum:

Búið við annarri umferð

TEHERAN, AP Afar góð kjörsókn var í írönsku forsetakosningunum í gær. Úrslit munu liggja fyrir í dag en búið er við að kjósa þurfi aftur á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.

Þegar 41.000 kjörstaðir voru opnaðir viðs vegar um Íran í gærmorgun var ljóst að þorri kjósenda hygðist nýta sér kosningarétt sinn og í gærkvöld var talið að kjörsókn hefði verið um sextíu prósent. Lengja þurfti opnunartíma kjörstaða vegna kjörsóknarinnar.

Fyrir fram var búið að Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti, myndi fá flest atkvæði og annað hvort myndi umbótasinninn

Mostafa Moin eða harðlínumaðurinn Mohammad Bagher Qalibaf lenda í öðru sæti. Fá enginn fram-bjóðenda hreinan meirihluta verður kosið aftur að viku liðinni á milli þeirra tveggja efstu.

Talið er að íranskir kjósendur hafi færst í aukana eftir að Ali Khomeini erkiklerkur hvatti þá til að kjósa. Áeggjan erkiklerksins kom eftir að George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði kosningarnar marklausar þar sem öll völd væru í höndum klerkaráðsins. ■

KLERKARNIR KUSU LÍKA Ali Khomeini erkiklerkur stingur kjörseðli sínum ofan í kjörkassann undir vöklu auga Khomeinis forvera síns.



Milljarðar fram úr fjárlögum

Skólar og heilbrigðisstofnanir fóru mest umfram heimildir árið 2004. Átta ráðuneyti héldu sig innan marka en þrátt fyrir það fór rekstur stofnana 1,7 milljarða fram úr fjárlögum.

RÍKISSIÓÐUR Samkvæmt bráða-birgðauppgjöri fjármálaráðuneytisins eru gjöld ríkissjóðs tæpum tíu milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir. Það er mikil breyting frá síðustu árum en þá fór ríkisreikningur að meðaltali yfir tuttugu milljarða fram úr fjárlögum. Brotalamir voru hins vegar á rekstri ríkisstofnana, sem fór samtals 1,7 milljarða fram úr fjárlögum og virðist að mestu leyti mega rekja það til nokkurra mennta- og heilbrigðisstofnana.

Mestu munaði um ýmsar viðhalds-, vega- og byggingaframkvæmdir sem var frestað og þá spöruðust tæpir þrír milljarðar vegna hafna- og flugvallarframkvæmda og framkvæmda á vegum menntamálaráðuneytisins sem voru innan heimilda. Stofn-kostnaður og viðhald voru samtals 7,2 milljörðum innan heimilda.

Ráðherrar bera ábyrgð á framkvæmd fjárlaga og þeim ber skylda til að bregðast við ef útgjöld fara fjögur prósent fram úr heimildum. Menntamálaráðuneytið er rétt undir þessum mörkum með 3,9 pró-senta halla en landbúnaðar- og utanríkisráðuneytið fara bæði langt yfir þetta þak. Þessi þrjú ráðuneyti virðast öll hafa dregið úr öðrum kostnaði til að vega upp á móti því. Þannig voru beingreiðslur til bænda 243 milljónum innan heimilda árið 2004, utanríkisráðuneytið greiddi ekki rúman hálfan milljarð í þróunarsjóð Evrópusam-bandsins og framkvæmdir á vegum menntamálaráðuneytisins reyndust 1.526 milljónir inn-an heimilda.

ÚTGJÖLD RÍKISSTOFNANA: UMFRAM FJÁRHEIMILDIR		
Ráðuneyti	Hlutfall	Upphæð
Landbúnaðar	11,3%	251
Utanríkis	10,0%	300
Menntamála	3,9%	833
Heilbrigðismála	1,7%	1.001

ÚTGJÖLD RÍKISSTOFNANA: INNAN FJÁRHEIMILDA		
Ráðuneyti	Hlutfall	Upphæð
Íðnaðar- og viðskipta	21,8%	484
Sjávarútvegs	10,0%	275
Forsætis	8,9%	71
Fjármála	8,2%	506
Umhverfis	5,7%	121
Samgöngu	4,4%	291
Dómsmála	3,6%	451
Félagsmála	0,3%	20

Upphæðir í milljónum króna. Þessar tafla sýnir rekstrargjöld ráðuneytanna og undirstofnana þeirra en ekki framkvæmdir og rekstrartilfærslur.



Dýrasta ráðuneytið

Heilbrigðis-málaráðuneytið fór milljarð fram úr fjárlögum á síðasta ári, sem er mest í krónum talið, en ráðuneytið er langfjarfrekast og tekur til sín tæp 45 prósent af fjárlögumunum. Flestar stofnanir þess virðast eiga í rekstarvanda sem ekki sér fyrir endann á og mikið af hallanum er uppsafnaður rekstrarvandi frá fyrri árum sem í einhverjum tilvikum er að aukast frekar en hitt.

Skiluðu hlutfallslega mestum afgangi

Gjöld flestra stofnana hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu voru innan heimilda. Mestu munaði um rúmlega tvö hundruð milljóna inneign hjá Orkustofnun og tæpra áttatíu milljóna inn-eign hjá Löggildingarstofunni.

Eins og síðustu ár voru nær allar stofnanir sjávarútvegsráðuneytisins innan marka. Mestur afgangur var hjá Fiskistofu, 174 milljónir og einungis rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins var með umframgjöld.

Hjá forsætisráðuneytinu munaði mestu um þrjátíu milljóna afgang af ýmsum verkefnum, og 27 milljóna afgang af bæði rekstri aðalskrifstofu og minningar-safns um Halldór Laxness.

Pétur Blöndal: Á að halda sig við fjárlög

„Menn eiga að halda sig við fjárlög því þau eru ákveðin lög. Það er náttúrlega orðið dálítið mikið þegar einstök ráðuneyti eru farin að fara um og yfir tíu prósent fram úr fjárlögum. Hins vegar geta komið upp aðstæður sem geta réttlætt slíkar framúrkeyrslur og það þarf að skoða hvort þessar aðstæður hafi verið óhjákvæmilegar og ef þær eru það þarf að taka þær inn í fjáraukalög, annars ekki. Þetta verður eflaust rætt á þingi þegar það kemur saman,“ segir Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðis-flokksins, um eyðslu ráðuneytanna umfram fjárlög.

Lúðvík Bergvinsson: Óhóflegar framúrkeyrslur

„Ef þingið sæti væru ráðherrar dregnir til ábyrgðar á stundinni. Þetta dregur fram hversu fráleitt það er að þingið sitji ekki lengur. Þegar svona alvarlegir hlutir koma upp á yfirborðið hafa þingmenn, sem eiga að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu, ekkert um það að segja. Ráðherrar eiga að þurfa að svara samstundis fyrir svona framúrkeyrslur á Alþingi,“ segir Lúðvík Bergvinsson, alþingismaður Samfylkingarinnar, um framúrkeyrslur ráðuneytanna á síðasta ári.

Ögmundur Jónasson: Buddan virðist ótæmandi

„Það er grátlegt að budda utanríkisráðuneytisins hefur virst nær ótæmandi á undanförunum árum. Jafnvel þó að ég sé hlynntur því að við rækjum okkar hlutverk vel á alþjóðavettvangi held ég að kominn sé tími til að við endurskoðum það hvernig við verjum okkur fjármunum í utanríkisráðuneytinu. Ég hef vaxandi efasemdir um að við séum að verja peningunum á skynsamlegan máta,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, um framúrkeyrslu utanríkisríkisráðuneytisins.

Nýtt viðmið!

Nýr bar og veitingastaður ... í hjarta Reykjavíkur

Boðið er upp á alþjóðlegan matseðil úr íslenskum gæðahráefnum





Salt Lounge Bar & Restaurant
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 599 1000, fax 599 1001

15. – 19. júní 2005



KRINGLU KAST



Miðvikudagur
10.00 til 18.30

Fimmtudagur
10.00 til 21.00

Föstudagur
17. júní – lakað

Laugardagur
10.00 til 18.00

Sunnudagur
13.00 til 17.00

Veitingastaðir
og Kringlubíó
eru með opið
lengur á kvöldin.

20^{til} 50%
afsláttur
af **nýjum** vörum



Nýtt kortatímabil

Opið
10 – 18 í dag

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

GENGIÐ GENGI GJALDMIÐLA 16.06.2005		
	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	64,95 65,27
Sterlingspund	GBP	118,39 118,97
Evra	EUR	78,73 79,17
Dönsk króna	DKK	10,58 10,64
Norsk króna	NOK	10,01 10,06
Sænsk króna	SEK	8,50 8,55
Japanskt jen	JPY	0,60 0,60
SDR	XDR	95,13 95,69
Gengisvísitala krónunnar 110,95 -1,23%		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Mikil umferð um landið:
Kvartað undan hraða

LÖGREGLUMÁL Áberandi mikið var um hraðakstur á þjóðvegum landsins í gær og fyrradag og höfðu flest lögregluembætti við þjóðveginn nóg að gera við eftirlit. Lögreglan á Akureyri mældi tuttugu ökumenn sem öku of hratt í umdæminu, margir þeirra voru verulega yfir hámarks-hraða. Að auki fékk lögreglan margar tilkynningar frá vegfarendum sem kvörtuðu yfir háskalegum akstri. Lögregla í Borgarnesi og á Blönduósi hafði talsverðan viðbúnað en þar fór umferð að mestu vel fram. Töldu lögreglumennt að mikil umferð hefði komið í veg fyrir stöðugan framúrakstur og ofsahraða.

- aðe

Danir breyta nafnalögum:
Taka má upp föðurnöfn

DANMÖRK Danskir þingmenn samþykktu ný nafnalög sem fela meðal annars í sér að öllum skuli vera frjálst að taka upp eftirnafn sem fleiri en tvö þúsund Danir bera. Upphaflega stóð til að gera þau eftirnöfn frjáls sem fleiri en eitt þúsund bera, en eftir að danska þinginu höfðu borist yfir tuttugu þúsund mótmæli, þar á meðal frá Stoltenberg-ættinni, voru mörkin hækkuð upp í tvö þúsund. Það þýðir að um 160 eftirnöfn hafa verið gefin frjáls í stað 350 hefði frumvarpið náð að ganga fram óbreytt. Önnur breyting fól í sér endurvakningu föðurnafna að íslenskri hefð og þá geta Danir líka kennt sig við móður sína líkt og Íslendingar. ■

Ægisgarður í Reykjavíkurböfn:

Skip Greenpeace í Reykjavík

UMHVERFISVERND Vikuheimsókn skips náttúrverndarsamtakanna Greenpeace, MV Arctic Sunrise, hingað til lands hófst í gær en þá lagðist skipið við bryggju við Ægisgarð í Reykjavík. Frode Pleym, talsmaður Greenpeace, sagði að samtökin myndu virða þjóðhátíðardag Íslendinga og ekki standa fyrir neinum uppákomum. Í staðinn fengu borgarþúar að skoða sig um í skipinu og nýttu allmargir sér það boð. Klukkan 10 á mánudagsmorgun verður svo boðað til blaðamannafundar um borð þar sem fjallað verður bæði um hval-



MV ARCTIC SUNRISE Greenpeace-samtökin eru stödd hér á landi til að ræða hvalveiðar og hlýnun á norðurslóðum. Blaðamannafundur verður haldinn um borð á mánudaginn.

veiðar þjóðarinnar og svo um hlýnun á norðurslóðum sem haft getur í för með sér verulegar breytingar á náttúrufari um allan heim. Heimsókn skipsins til landsins nú er sögð af því tilefni að tvö ár eru liðin síðan stjórnvöld hér heimiluðu hvalveiðar í vísindaskini. Heimsóknin fer fram á sama tíma og yfir stendur fundur Alþjóðahvalveiðiráðsins í Kóreu.

-óka

Hunsaði stöðvunarmerki:

Endaði sár á sjúkrahúsi

LÖGREGLUMÁL Eftirför lögreglunnar á Selfossi vegna ökumanns sem sinni ekki stöðvunarmerkjum endaði með því að maðurinn ók bíl sínum á stóran stein. Lögreglu grunaði ökumanninn um ölvun og hóf því eftirför. Þess var þó gætt að halda góðri fjarlægð enda rásaði bíll mannsins mikið. Fór hins vegar svo að við gatnamót Eyrarbakka- og Þorlákshafnar-vegar náði ökumaðurinn ekki beygju með þeim afleiðingum að hann ók út af og endaði á kletti. Var hann fluttur á slysadeild en meiddsl hans reyndust ekki alvarleg.

- aðe



ÓEINING UM STEFNUNA Jean-Claude Juncker og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, eru ekki öfundsverðir af því hlutverki að setta ólík sjónarmið innan sambandsins.

Viðræðurnar í hnút

Gert var hlé á leiðtogafundi ESB-ríkjanna eftir að viðræður um fjárlög sambandsins voru komnar í hnút. Leiðtogarnir kappkosta við að halda lífi í stjórnarskrársáttmálanum en ljóst er að þeir róa á móti straumnum.

BRUSSEL, AP Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, gerði hlé á leiðtogafundi Evrópusambandsins stuttu eftir hádegi í gær. Umræður um fjárlög sambandsins fyrir tímabilið 2007 til 2013 fóru í hnút og Juncker mun hafa boðað hina leiðtogana 24 á sinn fund til þess að ræða einslega við þá áður en lengra verður haldið. Leiðtogarnir kappkosta við að halda lífi í stjórnarskrársáttmálanum þótt lítil von sé um að það takist. Í drögum að ályktun sem leiðtogarnir ræddu í gær kemur meðal annars fram, að þótt Frakkar og Hollendingar hafi

hafnað sáttmálanum þýði það ekki að gjá hafi myndast á milli Evrópusambandsins og borgara þess, og tefli Evrópusamrunanum ekki endilega í tvísýnu. Það hafi aldrei verið jafn aðkallandi og einmitt nú að halda honum áfram. „Evrópusambandið hefur gert okkur kleift að tryggja velferð þegna okkar, gildi okkar og hagsmuni, og gert okkur að leiðandi afli í alþjóðamálum,“ segir meðal annars í drögunum. Leiðtogar ESB-ríkjanna 25 viðurkenna þó að þeir hafi staðið sig illa í að kynna þegnum sínum stjórnarskrána og þurfi að taka sig á í þeim efnum. Þá hefur verið

ákveðið að framlengja frestinn til að staðfesta stjórnarskrána, en hann átti að renna út í nóvember á næsta ári. Nýr frestur verður ákveðinn að ári. Ljóst er að við ramman reip er að draga. Svíar munu ekki staðfesta stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins nema Frakkar og Hollendingar boði til annarra þjóðaratkvæðagreiðslna, segir Göran Persson forsætisráðherra Svíþjóðar. „Ef þeir geta ekki sannfært þegna sína um að kjósa aftur um sömu stjórnarskrá, er dæmið fallið um sjálft sig og óþarfi að halda fullgildingarferlinu áfram.“ ■



HITI Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Fimm manns fengu aðsvif í hitanum og mannþrönginni á Austurvelli í gær.

Þjóðhátíð á Austurvelli:

Fimm manns féllu í öngvit

ÞJÓÐHÁTÍÐ Fimm manns féllu í yfirlíð vegna hitans á hátíðar-samkomunni á Austurvelli í gær-morgun. „Fyrst var það skáti sem hneig út af stuttu eftir að forsætisráðherra hóf ræðu sína og svo þegar nokkuð var liðið á ræðuna hneig eldri maður einnig niður. Við hjónin hlúðum að skátanum en sjúkrahúll var kallaður á vettvang fyrir eldri manninn,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og lækni, sem varð vitni að tveimur atvikanna. Dagur taldi líklegt að fólki hefði borðað lítið og því hefði hitinn og þrengslin farið verr með það en ella. Maðurinn sem fluttur var á bráðamóttöku var á batavegi eftir að hafa fengið aðhlynningu og var liðan hans sögð góð.

-ifv

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Í JÖKULDAL Lögreglan á Egilsstöðum fékk tilkynningu um bílveltu í Jökuldal í fyrrakvöld. Ökumaður bílsins og farþegi komu sér sjálf á sjúkrahús þar sem ástand þeirra var kannað og reyndist hvorugt illa slasað.

BÍLVELTA Á NESJAVÖLLUM Bíll valt á vegi skammt frá Nesjavöllum í fyrradag. Var einn fluttur á sjúkrahús til rannsóknar en meiddsl viðkomandi voru óveruleg. Grunur leikur á að um ölvunarakstur hafi verið að ræða.

Orka!

Kynning á framkvæmdum við **Hellisheiðarvirkjun**

Opíð um helgina frá kl. 9:00 - 17:00 (laugardag) og 13:00 - 18:00 (sunnudag) í **Skiðaskálanum** í Hveradölum

Rekstraraðilar Skiðaskálans selja léttar veitingar

Þjódum alla velkomna!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐRIÐ Í DAG

Um hádegi

GÆTI SKÚRAD SYÐRA SIÐDEGIS Það er að sjá að siðdegis geti dropað með sunnanverðu landinu. Þetta eru vafalítið kærkomnir dropar fyrir gróðurinn, sem illa sprettur í brakandi þurrki eins og verið hefur sunnan og vestan til. **BRUNNIÐ GRAS** Heyrði af bónda sem hefur verulegar áhyggjur af graslend-um sínum. Eftir áburðargjöf og brakandi þurrk er eins og grasið sé hálf brunnið eftir áburðinn. Vonandi er það ekki það sem koma skal í sumar!!

Á morgun

Fremur hægur vindur.

Mánudagur

Hæg breytileg átt. Kólnandi í bíll.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	17°C hálfskýjað	Paris	30°C hálfskýjað	Alicante	30°C heiðskirt
Oslo	23°C hálfskýjað	Berlin	23°C hálfskýjað	Milano	31°C hálfskýjað
Stokkhólmur	23°C hálfskýjað	Frankfurt	28°C léttskýjað	New York	24°C hálfskýjað
Helsinki	22°C heiðskirt	Madrid	35°C heiðskirt	San Francisco	20°C skýjað
London	26°C hálfskýjað	Barcelona	27°C heiðskirt	Orlando/Florida	34°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Veislutjald 3x3 m.

Fjórar lausar hliðar, 2 með glugga.
165 g polyester 3M Scotchguard vörn
grind úr 25/19/19 mm.
5869250



Garðbökkur

124x57x75 sm
3899066



* **Garðborð** Hægt að lyfta sætum.
Ósamsett
600242

* Gildir eingöngu í Húsasmiðjunni Grafarholti.



Blómakassi

Þríhyrndur
604015

Sláttuvél, Murray

BS mótor 4hp, 50 sm, poki,
hæðarstilling
5085247

27.900



Reiðhjól 26"

Rautt/Blátt/Silfur. með dempara að
framan og aftan. V-bremsur að aftan, en
diskabremsur að framan.
3899940

Álstell

Diskabremsur

50%
afsláttur

af reiðhjólahljálmmum
ef keypt er hjól

Ný verslun í Grafarholti



opið alla daga til klukkan 19



Útileguborð

m/áföstum stólum
3901451

3.995



Pallaolía

Jotun, 3 ltr.
7049123/33/37



Ekkert mál



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál



KJÖRKASSINN

Eru Íslendingar að verða of feitir?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	87%
Nei	13%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að veita fólki fálkaorðu fyrir vel unnin störf?

Farðu inn á fréttahluta vísiris og segðu þína skoðun



6

FRÉTTABLAÐIÐ

18. júní 2005 LAUGARDAGUR

Forseti Íslands sæmdi tólf Íslendinga fálkaorðunni í gær:

Eiður Smári fékk riddarakross

ORÐUVEITINGAR Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti í gær tólf einstaklingum heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn að Bessastöðum.

Allir tólf fengu afhentan riddarakross fálkaorðunnar, sem er fyrsta stig orðunnar. Næstu stig eru stórriddarakross, stórriddarakross með stjörnu og loks stórkross.

Fálkaorðan er veitt tvisvar á ári, 17. júní og 1. janúar. Að auki er orðan veitt erlendum ríkisborg-

fyrir visindastörf.
Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, fyrir störf í þágu löggæslu og fíkniefnavarna.
Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Austfars, fyrir framlag til samgangna og ferðamála.
Leifur Breiðfjörð, listamaður, fyrir framlag til glerlistar.
Páll Samúelsson, kaupsýslumaður, fyrir framlag til viðskiptalífs og menningar.
Páll Steingrímsson, kvikmyndagerðarmaður, fyrir framlag til heimildarmyndagerðar.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrir störf í þágu sveitarstjórnarmála.



FRÁ BESSASTÖÐUM

RIDDARAKROSS HINNAR ÍS-LENSKU FÁLKAORÐU 17. JÚNÍ 2005:
Dr. Bjarni Guðmundsson, prófessor, Hvanneyri, fyrir landbúnaðarrannsóknir.
Dr. Kristjánsson, fyrir störf að velferðarmálum unglinga.
Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnu- maður, fyrir íþróttafrek.
Eyjólfur Sigurðsson, forseti Kiwanis International, fyrir störf í þágu félagsmála á alþjóðavettvangi.
Guðbjörg Kristjánsson, forstöðumaður Gerðarsafns, fyrir störf í þágu lista og menningar.
Dr. Haraldur Sigurðsson, jarðfræðingur,



GISMO

OPNAR Á LAUGARDAGINN


Loksins á Íslandi

Poker, Playboy, steggjavörur, snidugar gjafirvörur fyrir heimilið, skrifstofuna, baðherbergjið og margt margt fleira



8-5340-300 Laugavegi 70 opnð mán-fim 10-18 fö 10-20 lau 11-18

Kvæði Halldórs Laxness



Nýtt safn margra þekktustu kvæða Halldórs Laxness sem hafa verið þjóðinni mest hjartfólgin.

Verð 2.990 kr.

1.

Skáldverk

Penninn Eyvindsson og Bókabúðir MM

8. - 14. júní



edda.is



Talstöðin

FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN



VIÐ LEIÐI JÓNS SIGURÐSSONAR Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar, lagði blómsveig að leiði Jóns Sigurðssonar.



MÆÐGUR Á UPPHLOT Þær Rannveig og Guðrún klæddu sig upp í upphlut í tilefni þjóðhátíðarinnar. Þær sögðu það vera skyldu allra kvenna sem ættu slíkan búning að klæðast honum á þessum degi.

Rjómaþlíða í Reykjavík

Á meðan höfuðborgarþéttbýlið nutu veðurþlíðunnar á þjóðhátíðardaginn sást ekki til sólar á Akureyri. Allir voru þó í sólskinsskapi eins og vera ber.

Það var sannkölluð 17. júní stemning í miðbæ Reykjavíkur í gær enda léku veðurguðirnir við hvern sinn finger. Borgarþéttbýlið spókuðu sig léttklæddir um borgina sem skartaði sínu fegursta. Á Arnarhóli var skipulögð dagskrá langt fram á nótt.

Í Hljómskálagarðinum höfðu verið sett upp leiktæki af ýmsu tagi sem heilluðu litlu börnin og á Austurvelli var saman kominn mikill fjöldi, aðallega ungt fólk, sem naut veðurþlíðunnar.

Þrátt fyrir sólarlausan 17. júní á Akureyri var fjölmenni við hátíðarhöldin sem hófust klukkan níu í gærmorgun og stóðu sleitulítið fram á rauða nótt.

Dagskráin var fjölbreytt að vanda en sjálf hátíðardagskráin



hófst klukkan tvö á Ráðhústorgi og stóð fram eftir degi.

Að henni lokinni var meðal annars boðið upp á skemmtisiglingar á Akureyrarpólli og gestum boðið að skoða Davíðshús eftir miklar endurbætur. Klukkan átta um kvöldið hófst tónlistar- og skemmtihátíð á Ráðhústorgi og eftir miðnætti fjölmenntu Akureyringar í Sikisdans við Torfunesbryggju en í framtíðinni mun göngugatan á Akureyri tengjast Akureyrarpólli með sjávarsíki.

fgg / kk

JÓLABOÐ 17. JÚNÍ Sindri Freyr og vinir hans héldu jólaboð á Austurvelli. Þau vildu með því minna á að jólaboðskapurinn ætti að vara allt árið.



FÉLAGAR FAGNA Þeir Jón Tryggvi, Valur og Kristján Brynjar nutu veðurþlíðunnar en þjóðhátíðardagurinn í ár er sá heitasti frá lýðveldisstofnun.



HUNDURINN KÓKÓ Það er ekki eingöngu mannfólkið sem heldur upp á þjóðhátíðardaginn. Hundurinn Kóko var mjög ánægður með þá athygli sem hann fékk.



BROSMILD BLÖÐRUBÖRN Þessar glaðlegu systur tóku þátt í hátíðarhöldunum á Akureyri og höfðu gaman af. Sú yngri er tæplega eins og hálfs árs og blaðan átti allan hug hennar.



ÞÉTTSKIPUÐ GÖNGUGATA Hafnarstræti var lokað fyrir akandi umferð og ídaði gatan af lífi og fjöri frá hádegi og fram á nótt.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX
FREE
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka, og sokkabuxur án VSK.

Dagana 17.-19. júní afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Forsætisráðherra talaði um úrtölumenn og þá bjartsýnu í fyrstu þjóðhátíðardagsræðu sinni.

Ljósið í myrkrinu eða myrkrið í deginum?

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt sína fyrstu þjóðhátíðardagsræðu á Austurvelli í gær, í sömu viku og stjórnarandstaðan hefur haldið uppi miklu málþófi vegna sölu ríkisbankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans. Forsætisráðherra kom hvergi beint inn á þetta mál í ræðu sinni, en talaði í upphafi hennar um úrtölumennn og þá sem eru bjartsýnir: „Hvor hópurinn er nú líklegri til að láta okkur líða betur, fyllast bjartsýni og vilja til að sækja fram? Þeir sem sjá myrkrið í deginum, eða þeir sem sjá ljósið í myrkrinu? Hvorn hópinn viljum við hafa félagsskap af? Ég held að við vitum öll svarið,“ sagði forsætisráðherra.

Hér hafa fyrirtæki á síðari árum stutt margvíslega starfsemi og veitt mikilvæga aðstoð við ýmis verkefni, svo sem á sviði landgræðslu, heilbrigðismála og ýmiss konar menningarmála, sem ber að þakka. Hins vegar verður mönnum hugsað til ýmissa þjóðþrifaerkefna þegar talað er um milljarða gróða bankanna á nokkrum mánuðum.

Hann fjallaði um gróða og umsvif í þjóðfélaginu, ekki síst á fjármálamarkaði, og sagði þorra landsmanna hafa notið góðs af þeim breytingum sem orðið hafa, en ekki þó alla. Í framhaldi af því sagði hann: „Fyrirtæki bera samfélagslega ábyrgð, sérstaklega gagnvart starfsmönnum. Þeim ber að nýta hagnað til að byggja upp. Það er eðlilegt að þau taki þátt í mikilvægum málum á sviði menningar og velferðar. Þeim ber ekki síst að leggja fram fjármuni til að efla nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Þar geta þau lagt meira af mörkum, ekki síst stærstu fjármálafyrirtæki landsins. Ríkisstjórnin vill samstarf um það og skapa til þess nauðsynlegan farveg í formi öflugra sjóða sem við eigum ekki í dag.“

Parna kemur forsætisráðherra inn á mál sem margir hafa velt fyrir sér, en það er hvernig stórfyrirtækin, sem mörg eru í mikilli útrás, skila einhverju hingað heim, einhverju áþreifanlegu fyrir samfélagið, en ekki aðeins fyrir stjórnendur og hluthafa. Mörgum hefur fundist að samfélagið hér á landi njóti ekki mikils ávinnings af útrás og stórgróða margra fyrirtækja. Þau skapa að vísu mörg störf fyrir Íslendinga innanlands sem utan, vekja mikla athygli á Íslandi og íslensku þjóðlífi, en menn hafa viljað sjá þetta enn skýrar í krónum og aukum, tölum sem hægt er að heimfæra sem ávinning fyrir íslenskt efnahagslíf. Það er alþekkt fyrirbæri víða um lönd að stórfyrirtæki leggja ómælda fjármuni til menningar og lista, svo eftir er tekið. Heilu menningarstofnanirnar eru reistar fyrir framlög frá stórfyrirtækjum. Hér hafa fyrirtæki á síðari árum stutt margvíslega starfsemi og veitt mikilvæga aðstoð við ýmis verkefni svo sem á sviði landgræðslu, heilbrigðismála og ýmiss konar menningarmála, sem ber að þakka. Hins vegar verður mönnum hugsað til ýmissa þjóðþrifaerkefna þegar talað er um milljarða gróða bankanna á nokkrum mánuðum. Fer mest af þeim fjármunum aftur inn í bankaana, svo kaupauki stjórnendanna verði enn meiri og stærstu hluthafarnir græði enn meira, eða fer eitthvað af þessum fjárhæðum til þjóðþrifaamála? Það er kannski eitthvað af þessum fjármunum sem forsætisráðherra er að tala um að fari í öfluga sjóði til eflingar nýsköpunar og fjölbreytni í atvinnulífinu.

Tjöld

-landsins mesta úrval
í Tjaldalandi við Glæsibæ

Simex Coho
2ja manna
Einfalt og skemmtilegt
göngutjald.
Þyngd 2,6 kg

Verð **12.990 kr.**

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

FRÁ DEGI TIL DAGS		
David að hætta? Sögur um að David Oddsson sé að hætta í stjórn mála hafa ágerst, og fyrir því eru nokkrar ástæður. Sú sem er sögð vega þyngst er að Kristján Andri Stefánsson, sem hefur verið einn dyggasti starfsmaður í herliði Davíðs allt frá því hann tók við hefur verið fluttur til og er nú starfandi hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Kristján Andri mun hafa verið duglegur í starfi og tryggur Davíð. Eftir að hann er ekki lengur í herbúðunum er mikils saknað.	Lítið heyrst Það hefur nánast ekkert heyrst frá Davíð Oddssyni meðan Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sér ekki fram úr augum vegna anna. Þess er beðið að Davíð tjái sig um gang þjóðmála, en langt er síðan hann hefur gert það af festu og hörku.	Óþekkt starf sem borgað er með þeim peningum sem annars hefðu farið til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Nýjast er björgun Davíðs á Markúsi Erni Antonssyni úr útvarpshúsinu þar sem útvarpsstjóri, sem er gamall vinur ráðherrans, hefur átt vonda vist síðustu mánuði. Guðmundur Árni Stefánsson gekk inn í innsta hring þegar hann studdi eftirlaunaforréttindi ráðherrans og fær nú sendiráð að launum. Sagt er að erfitt sé að sjá hvað Davíð á eftir að gera til viðbótar fyrir vinnu-garðinn.
	Grunurinn styrkist Þeir sem telja að Davíð Oddsson sé að hætta í stjórn mála benda á fleira. Hann hefur verið einstaklega duglegur við að koma vinum sínum í skjól. Frægast til þessa er skipun Júlíusar Hafstein í embætti sendiherra og ráðning Lára Margrétar Ragnarsdóttur, fyrrum þingmanns Sjálfstæðisflokks, í	
sme@frettabladid.is		

Bráðum verður lýðveldið gamalt og viturt

Lýðveldið okkar varð 61 árs í gær. Það er enginn aldur – 61 árs. Og það er engin afmælisdagakurteisi að halda líku fram. Jung, sá frjói en mollukennið hugsuður, hefði flokkað þennan aldur innan manndómsára. Sá sem er 61 er enn ekki gamall þulur – grand old man – heldur er fullur þátttakandi í erli dagsins, of flæktur í vildar-, vensla- og vinatengsl til að geta búið yfir visku hins gamla. En er samt að vitkast. Hann á aðeins eftir tvö ár að næstu hlutverkaskiptum sínum. Fram undan er viska frelsuð frá hagsmunda-tengslum – viska þeirra sem geta metið framtíðina út frá almannahag og hinum eilífa einstaklingi; laus undan taumlausri frekjunni sem við berum í brjósti okkar og sífellt sífrar: Hvað með mig? Hvað fæ ég?

Auðvitað þroskast samfélag ekki eins og einstaklingar og framsetning Jung á þroskaferli mannsins á ekkert skylt við þróun íslenskrar samfélagsgæðar undanfarna sex áratugi. Akkúrat ekki neitt. Og við ættum alls ekki að láta það eftir okkur að hugsa þannig. Nóg höfum við skaðað samfélagið okkar með persónugerð persónulausra þátta. Fjallkonan hefur hvorki gert íslenskum konum greiða né auðgað þjóðernishugmyndir okkur. Persónugerð landsins, tungunnar og sögunnar hefur gert okkur að gæslumönnum fortíðar fremur en þeim sköpurum framtíðar sem við ættum að vera. Hin óblíðu náttúruöfl sem hafa mótað harðgert fólk öldum saman eru bara grín úr einhverjum pistlahöfundum frá miðbiki nítjándu aldar. Við höfum fyrir löngu snúið á harðgerða náttúruna; komið okkur upp hitaveitu og þreföldu hljóðeinangruðu gleri. Ef vindurinn

LAUGARDAGSBRÉF

SKRIFAR UM BLESSAÐ
LÝÐVELDIÐ OKKAR.

GUNNAR SMÁRI
EGILSSON



gnæðir, ýlfrar og gnaustar er hann aðeins að humma með sjálfum sér á leið sinni gegnum daginn. Það er enginn að hlusta lengur. Hin óblíða náttúra er persóna úr leikriti sem er fyrir löngu fallið og verður ekki aftur sett upp hérna megin kjarnorkuveturs.

En samt. Það er alltaf gaman að reyna að blása persónu í jafn leiðinleg fyrirbrigði í fjöll, goshverir, samfélagsgæð og pólitík. Og samkvæmt Jung er íslenska lýðveldið á síðasta spretti manndómsáranna. Að baki er bernskan og ungmanndómsárin og fram undan viska efri áranna. Og það er aldeilis eitthvað til að hlakka til. Er ellin ekki einmitt rétti aldurinn fyrir lýðveldi? Er lýðveldi ekki líkara Guði að þessu leyti en til dæmis fótþóttaliði? Þegar Guð var ungur átti hann í eilífu basli; setti svo ströng lög og illa útskýrðar reglur að hann varð að vísa þegnum sínum úr landi. Og voru þeir þó aðeins tveir. Seinna lét hann skapið hlaupa með sig í gönur og drekkti öllum nema allra dyggustu flokksmönnum sínum. Stjórnartíð hins unga Guðs einkenndist af sífellum inngrípum í líf einstaklinganna og endalausum lagasetningum. Það var ekki fyrr en á æskudögum Evrópusambandsins að mönnum tókst að semja lengri, óskiljanlegri og leiðinlegri lög en Guð las

fyrir Móse á sínum tíma. Upp úr því missti Guð trúna á handstýrð samfélag, gaf eftir öll samskipti við mennina til sonar síns og hefur að mestu haldið sig til hlés upp frá því – lærði að sleppa og leyfa lífinu að hafa sinn gang.

Jung segir að æskunni ljúki þegar við verðum 21. Lýðveldið náði þessum áfanga á viðreisnarárunum. Að baki var hlaup okkar með stríðsgróðann í næstu gott-erisbúð, strákaslagur á skólalóð íslenskra stjórn mála og ákvörðun um að öruggast væri að hafa barnapíu á Miðnesheiði ef eitthvað kæmi upp á. Ungmanndómsárin einkennast af ofmati á eigin getu, óbilandi trú á eigin dellu-hugmyndir og fyrirliðningu á reynslu aldanna. Fullyrðing Steingríms Hermannssonar um að lögmál hagfræðinnar þyrftu ekki að gilda hér þótt þau ættu við annars staðar voru einkunnarorð þessa skeiðs. Samkvæmt Jung lauk því 1987 þegar hafinn var undirbúningur að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið; viðurkenning þess að okkur farnist best að laga okkur að heiminum í stað þess að biða þess að hann lagi sig að okkur – sem er lærdómur og grundvöllur manndómsáranna.

Og fram undan er viska efri áranna; þegar lýðveldið okkar verður loks grand old man og losnar við afganginn af sjálfs-hyggunni, hagsmunagæslunni og öðlast virðingu fyrir fólk – ekki aðeins því fólk sem nýttist okkur. Þá hefur okkur tekist að bera þetta lýðveldi okkar þangað sem það á heima; sem staðgengill öldungaráðsins.

Við skulum vona að svo sé – í það minnsta halda því fram daginn eftir afmælið – að lýðveldið okkar sé hægt og bítandi að þroskast, eldast og vitkast. ■

Forsetakosningar í Íran

Klerkar og kjarnorkusprengjur

Ná umbótasinnarnir vopnum sínum á ný?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimilum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Línu- skautar

2.000 KALL

Með öllum GSM tilboðum
fylgja grúví símalínuskautar
á 2.000 kr.* Hlifar fylgja með.

Motorola Razr V3
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

4.980 Léttkaups-
útborgun

og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 28.980 kr.

Sony Ericsson K508i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

980 Léttkaups-
útborgun

og 1.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 12.980 kr.

Sony Ericsson T630
og þráðlaust heyrnartól
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

2.980 Léttkaups-
útborgun

og 1000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 14.980 kr.

Nokia 3230
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

5.980 Léttkaups-
útborgun

og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 29.980 kr.

DV Helgarblað

Allt um brúðkaup Svanhildar og Loga



Hefur þú séð þú DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Hrekklaus dugnaðarforkur

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
FORSÆTISRÁÐHERRA OG LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI

Hugsanlegt vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til afskipta af sölu Búnaðarbankans síðla árs 2002 hefur verið í fréttum undanfarna daga og vikur. Með skömmum fyrirvara boðaði hann til blaðamannafundar síðastliðinn mánudag. Þar birti hann þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, eftirlitsverkfæris Alþingis, að ástæðulaust væri að véfengja hæfi forsætisráðherra til afskipta af sölu ríkisbankanna. Hagsmunir hans í krafti Skinneyjar-Þingness væru smávægilegir, en fyrirtækið er að 34 prósentum í eigu ættingja forsætisráðherra. Stjórnarandstæðingar véfengja réttmæti þess að Ríkisendurskoðun fjalli um lögfræðileg álitamál sem þetta og raunar hefur ríkisendurskoðandi sínar efasemdir sjálfur í þeim efnum. Hvað sem öðru líður sté Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fram með minnisblað Ríkisendurskoðunar sjálfum sér til varnar. Ríkisendurskoðandi haggast ekki og segir Halldór ekki vanhæfan.

Halldór Ásgrímsson fæddist á Vopnafirði 8. september 1947 í þekktu húsi sem nú kallast Kaupvangur en kennt var við dönsku verslunina Örum og Wulf. Þetta hús hefur nú verið gert upp og hýsir brátt kaffistofu og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn. Halldór er sonur Ásgríms Halldórssonar framkvæmdastjóra á Hornafirði og Guðrúnar Ingólfsdóttur húsmóður, en þau eru bæði látin.

Til fróðleiks má geta þess að afi Halldórs í föðurætt og alnafni var einnig alþingismaður á sínum tíma.



Eiginkona Halldórs er Sigurjóna Sigurðardóttir læknafrítari og eiga þau þrjár uppkomnar dætur, Helgu, Guðrúnu Lind og Írisi Huld.

Halldór er löggiltur endurskoðandi að mennt og kenndi meðal annars slík fræði við Háskóla Íslands skamma hríð. Lengstum hefur Halldór helgað sig stjórnmalabaráttunni og varð ungur áberandi í röðum Framsóknarflokksins. Reyndar er Halldór sá þingmaður sem lengst núverandi þingmanna hefur setið á þingi en hann var fyrst kjörinn á þing fyrir Austfirðinga árið 1974.

Þeir sem starfa með Halldóri innan Framsóknarflokksins sem utan hans segja hann mikinn dugnaðarfork og styrkur hans sé mikið vinnuprek. Hann viti vel á hvaða leið hann sé, erfitt sé að haggja skoðunum Halldórs og ákvörðunum þegar hann hafi tekið stefnuna og aldrei njóti hann sín betur en í andstreymi kosningabaráttu. Halldór hefur hlið sem of sjaldan snýr að kjóendum, segir einn af samherjum hans, en hún er sú að hann er góður hómoristi, ræktarsamur við fjölskyldu sína og berst ekki mikið á. Þá er einnig nefnt að Halldór sé mikill úti-vistarmaður, gangi á fjöll og stundi líkamsrækt þrisvar til fjórum sinnum í viku. „Hann er vinur vina sinna,“ segir samstarfsmaður Halldórs.

Veikleiki Halldórs er þungt skap og stundum þunglamaleg framkoma. Hann er ekki beinlínis lipur í samskiptum og stundum ósveigjanlegur, segir einn af samflokksmönnum hans en bætir við: Halldór er ekki kaldrifjaður. Hann er miklu fremur hrekklaus en tekur hlutina stundum af persónulega.



AF NETINU

Ríkisvatn er ekki gott

Ég get fallist á það að aðgengi að vatni teljist til mannréttinda, þótt reyndar sjái ég ekki að þörf sé á sérstöku ákvæði sem fjallar um það og það einungis. En hins vegar er auðvitað fráleitt og gott aðgengi sé tryggt með opinberum rekstri. Ef svo væri þá hefði aðgengi manna að mat átt að vera best í þeim löndum þar sem framleiðsla og dreifing þess var einmitt „samfélagsleg“, en sagan sýnir að þannig var það ekki. Í þeim löndum var það hins vegar þannig að matur og vatn voru vissulega sjáldnast söluvara, heldur skömmtnunarvara, og aðgengi að þeim líkt mannréttindum að því leyti að vera frekar takmarkað og háð duttlungum stjórnvalda.

Pawel Bartoszek – deiglan.com

Í orði og á borði

Eins og við þekkjum hefur íslensk fjölmiðlaumræða um innflytjendur verið mun jákvæðari, enda mun færri innflytjendur á Íslandi. Það þarf þó ekki að merkja að almenn viðhorf til innflytjenda séu jákvæðari og eins líklegt að hatur á þeim gysi upp ef þeim fjölgaði nokkuð, eins og gerðist í Danmörku. Danir hafa stundum verið sagðir ræða málin til óbóta en að minnsta kosti merkir það að

minna er um undiröldu sem hvergi kemur fram. Þess vegna eru viðhorf flestra Dana til innflytjenda öllu jákvæðari en ætla mætti af lestri blaða. En ætli sú sé raunin á Íslandi?

Ármann Jakobsson – murinn.is

Ill tilhugsun

Það er merkilegt að Heimssýn, hreyfing Evrópuandstæðinga á Íslandi, hefur nokkurn veginn sömu samsetningu og nei-hreyfingin Evrópu. [...] Í þjóðar- atkvæðagreiðslunum í Evrópu voru hörðustu andstæðingar stjórnaðarinnar pópuálistar af hægri vængnum sem kenna útlendingum um allt sem aflaga fer og ala á ótta við að Tyrkir fái inn göngu í sambandið. Hínum megin voru svo vinstri pópuálistar sem nærast á ótta við hnattvæðingu og engilsaxneska markaðshyggju.

Vandinn er að þetta lið hefur ekkert uppbyggilegt fram að færa í stjórnmalunum. Einu marktæku viðbrögðin við kröfum þess væri að reisa nýjar girðingar sem verða settar saman úr tortryggni, þröngsýni, smásálarhætti. Krafan er um nýtt tímabil verndarstefnu – um að ríki Evrópu fari aftur að loka sig af. Það er ill tilhugsun.

Egill Helgason – visir.is

KONUR!

SKUNDUM Á ÞINGVÖLL

SÝNUM SAMSTÖÐU

BARÁTTUHÁTÍÐ Á ÞINGVÖLLUM

90 ÁRA KOSNINGARÉTTUR
KVENNA 19. JÚNÍ KL. 13-16



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Bakhjarl Baráttuhátíðar kvenna 2005

Almannagjá

Kl. 13.00 Gengið niður Almannagjá.
Kventett leikur á lúðra.
Valkyrjur og dansandi álfameyjar undir stjórn
Auðar Bjarnadóttur.
Kórsöngur: Kvennakór Reykjavíkur.
Drekkingarhylur: 18 rósir settar í hylinn í minningu
þeirra 18 kvenna sem drekkt var þar.

Hátíðar- og baráttudagskrá á Efrivöllum

Kl. 14.15 Setning.
Ávarp: Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur.
Kórsöngur.
Ávarp: Kristín Tómasdóttir, nemi.
Ljóðalestur.
Kórsöngur.
Gerð Þingvallafundar lesin upp og afhent Árna
Magnússyni jafnréttisráðherra.
Hátíðarávarp: Frú Vigdís Finnbogadóttir,
fyrirverandi forseti Íslands.
Kórsöngur og fjöldasöngur.

Fundarstjóri: Rósa Björk Brynjólfsdóttir, ritstjóri 19. júní 2005.
Kvennakór Reykjavíkur og Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran, syngja.
Strengjaskvartettinn Loki leikur á undan hátíðardagskrá.

Kvennamessa í Laugardal

Kl. 20.30 Kvennamessa í Laugardal. Séra Auður Eir
Vilhjálmisdóttir predikar.
Kór Kvennakirkjunnar leiðir söng undir stjórn
Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.

Rútuferðir

Hópfærðamiðstöðin verður með rútuferðir til og frá Þingvöllum
um á 500 kr. Nýtið ykkur þetta frábæra tilboð! Á leiðinni
byggjum við upp stemningu og eflum samstöðu.

Kl. 12.00 Lagt af stað frá Tækniháskóla Íslands og
Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Kl. 16.00 Lagt af stað frá Þingvöllum til Reykjavíkur.
Ferðir eru á 15 mín. fresti til kl. 17.00.

Samband sunnlenskra kvenna verður með kaffi- og veitingasölu á Efrivöllum

Seldir verða bolir með merki baráttuársins 2005



BARÁTTUHÁTÍÐ
KVENNA 2005

Bakhjarl: Landsbankinn. Styrktaraðilar: Bónus, ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hópfærðamiðstöðin.



Garðálfar
ný sending

Öll sumarblóm

fimmtudag - sunnudags **20%** afsláttur



Lamhaga kryddjurtir og salat **129**
Aðeins í Blómavali Sigtúni



Kringlukast
20% afsl.

Ritzenhof glös og bollar
Aðeins í Blómavali Kringlunni og Smáralind



Allir frostpolnir útipottar **20%** afsláttur


blómavali
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

Vnr.53322997

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q45 mótör. Vélin er 4,5 hestöfl, sjálfdrifinn og með rafstarti. Sláttubreiddin er 46 cm og stillanleg sláttuhæð með einu handtæki. Með 55 ltr. safnkassa.

Vnr.53322999

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótör. Vélin er 40 hestöfl, sjálfdrifinn. Sláttubreiddin er 50 cm og stillanleg sláttuhæð. Með mulningshnífa, þarf ekki að raka.

Vnr.53322995

Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótör. Vélin er 4 hestöfl. Sláttubreiddin er 56 cm og stillanleg sláttuhæð. Stór hjól að aftan, hentugt í sumarbústaðinn.

LEIKANDI LÉTT

Vnr.74819169

Pallahreinsir

BOSCH Pallahreinsir fyrir háþrýstidælur. Pallahreinsir þrýfur pallinn, stéttina og hellurnar með háþrýstispissum og því þarf ekki að slípa áður en borið er á.

Vnr.74810100

Háþrýstidæla

BOSCH AQUAT 100 háþrýstidæla, 100 bör, 1400W, 330 ltr/klst. Þyngd 6 kg.

Vnr.89671040-94

Viðarskoli

Viðarskoli, 1 ltr.

Vnr.0058254

Fura alhefluð

22x95 mm A-gagnvarið	94 kr./lm	117
27x95 mm A-gagnvarið	117 kr./lm	167
45x95 mm A-gagnvarið	157 kr./lm	209
45x145 mm A-gagnvarið	238 kr./lm	317
95x95 mm A-gagnvarið	318 kr./lm	425

Vnr.0226616-7

Garðhellur

Garðhellur 15x15/15x30x6 cm, gráar.

Verð frá 45 kr./stk.

Vnr.88645007

Fótboltamark

Fótboltamark, 2,4x1,5 m.



*gæðagrill
á góðu verði!*

Vnr.50640102

Gasgrill

PHOENIX gasgrill, 3 brennarar, ryðfrír hjálmur, hitamælir. Pottjárn í grillgrind og brennurum. Grillflötur 65x49 cm. Álgrind og gler í hliðarborði og undirborði.



TILBOÐ Í BYKO!

FRÍSTUNDAHÚS

Vnr.0291945

Frístundahús

Frístundahús - tvöfalt gler.
Stærð: 22 m² + pallur + 8 m² loft.
Mesta hæð: 3.7 m.
Bjálki: 70 mm.

1.149.500

á frábæru verði



*hafðu það
gott
í sumar*



Vnr.0251660

Undirstöður

Steyptar palla-
undirstöður, 200 mm.

2.990



Vnr.0251661

Undirstöður

Steyptar girðinga-
undirstöður, 200 mm.

3.990



Vnr.0071144

Panill

Panill, baðstofufura,
12x95 mm.

78 kr./lm



Vnr.0051382

Fura/greni

Alheflað þurrkað 12-14%,
34x45 mm.

108 kr./lm



BYGGIR MEÐ ÞÉR

ROALD AMUNDSEN (1872-1928)
lést þennan dag.



„Þeir ensku hafa haldið því fram um allan heim að skíði og hundar séu ónothæf á þessum slóðum og að föt úr loðfeldi séu rusl. Sjáum til, sjáum til.“

Roald Amundsen var norskur landkönnuður. Hann fór fyrir hópi manna í leiðangri árið 1911 til 1912 sem komst fyrstur allra á Suðurskautið.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Eitt versta flugslys í sögu Bretlands

Eitt versta flugslys í sögu Bretlands átti sér stað þennan dag árið 1972. Allir farþegar um borð í flugvél British European Airways létust, 118 manns, þegar vélin hrapaði fáeinum mínútum eftir flugtak frá Heathrow-flugvelli. Vélín endaði á akri stutt frá bænum Staines og munaði minnstu að hún lenti í miðjum bænum. Vitni töldu að vélín hefði brotnað í tvennt í loftinu og lentu hlutarnir tveir um 50 metra hvor frá öðrum. Tvennt var á lífi þegar björgunarmenn bar að en bæði dóu stuttu síðar.



18. JÚNÍ 1972
Allir um borð í vélinni létu lífið.

Rannsókn á flugslysinu leiddi í ljós að rangur hraði hefði leitt til þess að vélín ofreis. Þar sem vélín var ekki nógu hátt á lofti

gat áhöfnin ekki náð stjórn á henni aftur. Krufning á flugmanninum sýndi að hann hafði þjáðst af hjartaveilu sem að öllum líkindum hafði valdið honum nokkrum sársauka stuttu fyrir slysið. Leiddar voru að því líkur að þetta hefði skert dómgreind flugmannsins og því hefði hann gert þessi banvænu mistök sem enginn í áhöfninni virtist hafa tekið eftir. Þetta flugslys var það versta í sögu Bretlands þar til Pan Am-þota var sprengd í loft upp yfir Lockerbie í Skotlandi í desember árið 1988.

MERKISATBURÐIR

- 1000** Kristniboðarnir Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason taka land á Heimaey og skipa upp við í kirkju sem Ólafur konungur boðaði að reist skyldi þar sem þeir kæmu fyrst í land.
- 1815** Napoleon er gersigraður við Waterloo.
- 1940** Hitler og Mussolini funda í München.
- 1955** Þrír bræður frá Hvítárakka í Biskupstungum kvænast þremur systur úr Austurhlíð í sömu sveit.
- 1980** Fokker-flugvél nauðlendar á Keflavíkurlugvelli, enginn slasast.
- 1983** Fyrsta bandaríska konan flýgur út í geim, tuttugu árum á eftir fyrstu rússnesku konunni.



Útför okkar kærar
Fanneyjar Gísladóttur

sem lést 10. júní s.l. verður gerð frá Kópavogskirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

Fyrir hönd ættingja og vina.
Bóel Ísleifsdóttir,
Sigríður Guðlaugsdóttir.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnhildur Þorgeirsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Álfaskeiði 49, Hafnarfirði

verður jarðsöngin frá Garðakirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

Þorgeir Sæmundsson **Margrét Guðmundsdóttir**
Helgi Sæmundsson **Guðbjörg Harðardóttir**
Barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bergljót Þorsteinsdóttir

frá Byggðarholti, Lóni, fyrrum húsfreyja,

verður jarðsöngin frá Hafnarkirkju, Höfn, Hornafirði, laugardaginn 18. júní kl. 14.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á elliheimilið Skjólgarð á Höfn.

Guðmundur Þórðarson **Ólöf Rafnsdóttir**
Arnór Þórðarson **Guðlaug Þorgeirsdóttir**
Freysteinn Þórðarson **Hugi Jóhannesson**
Erla Ásthildur Þórðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir og barnabarn,
Arent Pjetur Eggertsson

Sindragötu 4, Ísafirði,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 15. júní.

Berglind Sveinsdóttir **Pálmi Ó. Árnason**
Kristrún Sif Gunnarsdóttir
Jóna Sigurlína Pálmadóttir
Sveinn Jóhann Pálmason
Ingibjörg Kristjánsdóttir
Sveinn Jóhannsson
Eggert Hjartarson **Gríma Huld Blængsdóttir**
Lára Ósk Eggertsdóttir
Gunnar Smári Eggertsson
Laura Claessen.

TÍMAMÓT: KRISTBJÖRG KJELD LEIKKONA SJÖTUG

Gefandi fyrir sálina að ganga um landið

„Ég ætla að fara í Hallormsstaðarskóg með systur minni,“ segir Kristbjörg Kjeld leikkona, sem á sjötugsafmæli í dag. Í Hallormsstað ætlar hún að dvelja í í sumarbústað og fara í afmælisboð, þó ekki sitt eigið. „Ég er ekki sérstaklega mikið afmælisbarn, en mér er þó minnisstætt fimm-tugsafmælið sem ég hélt upp á ásamt stöllum mínum, Guðrúnu Ásmundsdóttur og Bríeti heitinni Héðinsdóttur. Það var svokallað 150 ára afmæli KGB og var óskaplega skemmtilegt.“ Kristbjörg segir að það hafi ekki komið til greina að hún og Guðrún héldu sameiginlega upp á sjötugsafmælin í ár. „Það væri bara 140 ára afmæli og það er ekkert merkilegt,“ segir hún hlæjandi.

Stóraafmælið er þó ekki einu tímamótið í lífi Kristbjargar um þessar mundir því hún er bæði nýflutt og nýhætt á föstum samningi hjá Þjóðleikhúsinu eftir tæplega fimmtíu ára veru þar. „Jú, tímamótið hrúgast upp hjá mér. Núna er ég orðinn „freelance“. Það er spennandi að vera laus og liðug og tilbúðunum á ábyggilega eftir að rigna inn héðan og þaðan,“ segir Kristbjörg og hlær, en vill lítið meira gefa upp. „Það er svo sem ýmislegt í spilunum en óþarfi að tíunda það á meðan ekkert hefur verið neglt niður. Ég á eftir að hafa nóg fyrir stafni,“ segir hún spök.

Sumrinu hefur Kristbjörg ráðstafað út í ystu æsar og ætlar að ganga um þvert og endilangt Snæfellsnesið og Hornstrandir. „Ég fer í gönguferðir á hverju ári. Ég er í gönguhóp og við förum yfirleitt í fjögurra til



KRISTBJÖRG KJELD Hélt veglega upp á 150 ára afmæli sitt, Guðrún Ásmundsdóttur og Bríetar Héðinsdóttur, KGB klikunnar, fyrir 20 árum.

fimm daga ferðir. En í sumar ætla ég að bæta um betur og fara í tíu daga gönguferð til viðbótar.“ Kristbjörg segist þó að öllu jöfnu ekki vera mikil úti-

vistarmanneskja. „Það breytist hins vegar á sumrin því ég held að það sé ekkert eins gefandi fyrir sálina og að ganga um okkar fallega land.“ ■

AFMÆLI



Stefán Baldursson
leikstjóri er 61 árs.

**Júlíus Vífill Ingv-
arsson** er 54 ára.



**Tínnu P. Gunn-
laugsdóttir** þjóð-
leikhússtjóri er 51
árs.

Víðar Eggertsson
leikstjóri er 51 árs.

Guðjón Hjörleifs-
son, alþingismaður
er fimmtugur. Víl-
borg Halldórs-
dóttir leikkona er
48 ára.



**G. Pétur Matthías-
son** fréttamaður er
45 ára.

Sveinn Helgason
fréttamaður er 38
ára.

Lára Sveinsdóttir
leikkona er 31 árs.



ANDLÁT

Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir frá Ytri-
Veðará lést á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð þriðjudaginn 14. júní.

JARÐARFARIR

10.30 **Kristín Helgadóttir**, Hvítungavegi
2, Vestmannaeyjum, verður jarð-
söngin frá Landakirkju

11.00 **Brynjólfr Jónatan Jónsson**,
Borg, Reykhólasveit, verður jarð-
söngin frá Reykhólakirkju.

13.00 **Sigurbjörg Þorvarðardóttir**, Mýr-
argötu 20, Neskaupstað, verður
jarðsöngin frá Norðfjarðarkirkju.

13.30 **Sigurður Þróstur Hjaltason**,
Knarrarbergi 7, Þorlákshöfn, verður
jarðsöngin frá Þorlákskirkju.

14.00 **Jörundur Sigurgeir Sigtryggsson**
verður jarðsöngin frá Ísafjarðarkirkju

14.00 **Erla J.E. Gísladóttir** frá Hergilsey,
Kirkjuvegi 70, verður jarðsöngin
frá Landakirkju.

14.00 **Kjartan Stefánsson**, frá Móbergi,
Hrísey, verður jarðsöngin frá
Hríseyjarkirkju.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

uhmmmm!

ferskt og flott á nammidegi

**aðeins
1,6-5% fita**

**alger
snilld**

399
kr.ltr.

Vivana ís
verð áður 599

**línurnar í lag...
líka á laugardegi**

berin eru full af
-vítamínum
-andoxunarefnum

**mikil
verðlækkun!**

99
kr.pk.

Jarðarber 200gr. askja.

**mikil
verðlækkun!**

199
kr.pk.

Bláber 340gr. askja.

**mikil
verðlækkun!**

399
kr.pk.

Rífsber 125gr. askja.

**mikil
verðlækkun!**

139
kr.pk.

Hindber 125gr. askja.

**mikil
verðlækkun!**

199
kr.pk.

Brómber 125gr. askja.

**mikil
verðlækkun!**

179
kr.pk.

Græn vínber

**mikil
verðlækkun!**

599
kr.kg.

Kirsuber
áður 1999 kr. kg.

**mikil
verðlækkun!**

179
kr.pk.

Rauð vínber

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 18. & 19. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



2.990

ACT SANDALAR Góðir sandalar með mjúkum sóla og loftpúða í hæl. Litir: Beige, svartir. Stærðir: 36-47. Kr. **2.990**. Verð áður: **4.490**



SUMAR



5.490

NIKE W STRAPRUNNER Vandaðir sandalar með mjúkum sóla og fótlega innleggi. Henta jafnt innandyrja og í útvistina. Litur: Beige. Stærðir: 37-42. Kr. **5.490**. Verð áður: **6.490**



2.690

NIKE BENASSI SLIDE Töflur með fótlega innleggi. Litur: Svartar. Stærðir: 39-46. Kr. **2.690**



1.990

VERÐ ÁÐUR ~~2.490~~



UMBRO TEC PES T-SHIRT Stuttermabolur. Litir: Hvítur, steingrár. Stærðir: S-XXL. Kr. **1.990**

UMBRO TEC LONG SHORT Léttar kvartbuxur fyrir herra. Litir: Svartar, gráar, rauðar. Stærðir: S-XXL. Kr. **1.990**



SPEEDO RIDER

Herra sundbuxur. Litur: Gráar, bláar. Stærðir: S-XXL. Kr. **4.490**

4.490

VERÐ ÁÐUR ~~5.780~~

SPORTFATNAÐUR

4.490

VERÐ ÁÐUR ~~5.690~~



2.990




ADIDAS CLUB TEE Aðsniðinn dömu stuttermabolur úr bómull. Litir: Grár, svartur. Stærðir: 36-42. Kr. **2.990**. **CLUB PANT** Þægilegar dömubuxur úr bómull. Litir: Gráar, svartar. Stærðir: 36-42. Kr. **4.490**



1.990



FIREFLY TAIL Léttir og þægilegir sumarskór með opnum hæl. Litir: Svartir, hvítir, rauðir. Stærðir: 36-41. Kr. **1.990**



100% ÖRYGGI

við lofum þér lægra verði!

FERÐ TIL KÖBEN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Iceland Express



CLUB - LEIKUR INTERSPORT OG ICELAND EXPRESS

Allir Club INTERSPORT meðlimir sem verslað hafa í Intersport á árinu fara sjálfkrafa í pott og eiga möguleika á að vinna ferð í Tívolið í Köben fyrir alla fjölskylduna með Iceland Express. Þrjár heppnar 4 manna fjölskyldur munu fara í fjölskylduferð, og fá flug, gistingu og miða í tívoli, dregið verður úr pottinum 20. júní, 18. júlí og 22. ágúst.

SUMAR&SÓL

SUNDFÖT Á ALLA FJÖLSKYLDUNA



2.790

VERÐ ÁÐUR 3.490



FIREFLY CAROLINA BIKINI Dömu bikini. Litir: Turquoise, svart. Stærðir: 36-42. Kr. **2.790**



4.490

VERÐ ÁÐUR 5.790



SPEEDO TEQUILA TANKINI Dömu bikini með síðum toppi. Litir: Turquoise, bleikt. Stærðir: 34-44. Kr. **4.490**



2.790



ADIDAS PERF LOGO BOXER Herra boxer sundbuxur. Litur: Svartar. Stærðir: 34"-40". Kr. **2.790**. Verð áður: **3.490**



2.490

ADIDAS CB SHORT B Barna stuttbuxur fyrir sund. Litur: Bláar. Stærðir: 128-176. Kr. **2.490**. Verð áður: **2.990**



SUNDFATNAÐUR



1.790

VERÐ ÁÐUR 2.290



SPEEDO LOGO 2-PIECE Bikini fyrir börn. Litir: Turquoise, bleikt. Stærðir: 92-128. Kr. **1.790**



3.290

VERÐ ÁÐUR 4.290



1.990 1.690

VERÐ ÁÐUR 2.790



SPEEDO DIVA HALTERNECK Sundbolur fyrir börn. Litur: Gulur. Stærðir: 116-128. Kr. **1.990**



2.490

ADIDAS INF 3S CB BOXER B Boxer sundbuxur fyrir börn. Litur: Bláar. Stærðir: 128-176. Kr. **2.490**



1.790

SPEEDO LOGO AQUASHORT Boxersundbuxur fyrir börn. Litir: Bláar, rauðar. Stærðir: 92-128. Kr. **1.790**

Opið
alla daga

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is



SVALA Svala er á leiðinni til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til LA, á næstu vikum og ætlar bæði að vinna og slappa af.

Ný plata á leiðinni

Svala Björgvins er ein glæsilegasta poppsöngkona okkar Íslendinga. *Sóley Kaldal* fór og spjallaði við hana um væntanlega plötu, Ameríkuævintýrið og samstarfið við kærastann.

Svala Björgvins er að leggja lokahönd á nýja plötu sem Skífan mun gefa út í haust. „Platan kemur út í október en fyrsta lagið fer í spilun í ágúst,“ segir Svala, sem er þessa dagana að vinna að myndbandi við lagið.

Aðspurð hvort hún stefni með plötuna á erlenda markaði segir hún það alveg hugsanlegt en það muni bara koma í ljós þegar nær dragi. „Þessi plata er eiginlega eins og barnið mitt,“ segir Svala. „Ég og pabbi stjórnuðum upp-

tökum því mér fannst nauðsynlegt að hafa einhvern með svo góða reynslu í þessu verkefni,“ segir hún, en eins og flestir vita er Svala dóttir Björgvins Halldórssonar. Hún samdi öll lögin á plötunni í samstarfi við aðra lagasmiði, þar á meðal Krumma bróður sinn, Friðrik Karlsson, Ian Morrow og Ben Barson. Textarnir eru einnig eftir hana sjálfa og þeir eru á ensku. „Þetta er popplata en hún er samt ólík plötunni sem ég gaf út 2001 því það eru heil sex ár frá því ég tók hana upp. Maður breytist og vill gera nýja hluti og þroskast sem tónlistarmaður,“ segir Svala, sem er að taka plötuna upp í stúdíói í Hafnarfirði sem tilheyrir Stúdíó Sýrlandi. „Þetta er gamalt og frægt stúdíó, helstu tónlistarmenn Íslands tóku upp plöturnar sínar þarna í gamla daga og andinn þarna inni er frábær.“

Ameríkuævintýrið
Svala segir að platan sem kom út 2001 hafi verið góð reynsla en hún hafi verið framleidd með ákveðinn markað í huga. Platan kom út í lok september það árið, en það var afar óheppilegur tími fyrir Bandaríkjamarkað. Skemmtanabransinn átti mjög erfitt uppdráttar í kjölfar hryðjuverkanna 11. september og ekki gott fyrir ungt fólk að koma sér á framfæri. Svala segir þó enga eftirsjá í sínum huga. „Nýja platan er mitt hugarfóstur og hún sýnir betur hver ég er,“ segir Svala. „Hún er meira lifandi og öll handspiluð. Ég vil bara leggja áherslu á góða texta



SUZU Svala kallar sig Suzy þegar hún er stílisti, en hægt er að skoða verkefni Suzy & Elvis á síðunni www.internet.is/suzy. Fyrir þá sem vilja forvitnast um Svölu bendir hún á síðuna www.svalasworld.com.

og vel samín lög sem fólk hefur gaman af.“

Samstarfið við kærastann
Svala hefur í nógu að snúast því hún hefur einnig verið að vinna töluvert með kærastanum sínum, Einari Egilssyni. Þau vinna við hönnun og ljósmyndun og kalla sig Suzy & Elvis. „Mér hefur alltaf þótt gaman að stíliseri og Einar er ljósmyndari og grafiðer svo við ákváðum bara að sameina krafta okkar,“ segir Svala. „Við höfum líka verið að dj-a saman.“ Einar hlustar mikið á hiphop og soul en Svala segist ekki vera undir þess konar áhrifum,hlustar meira á 70's-rokk og 80's-tónlist. „Hann hefur ekki áhrif á tónlistarsmekk minn en hann gefur mér innblástur.“

Hefur sinn persónulega stíl
Svala hefur mjög skemmtilegan fatasmekk og þykir ávallt vera mjög smart til fara. Hún lítur betur út en nokkru sinni fyrr og þegar blaðamaður mætti heim til hennar var hún í skemmtilegu bleiku dressi með ljósa þykka hár-

ið í hnút á höfðinu. Hún segist kaupa mikið af fötum erlendis eða í „vintage“-búðum á netinu. „Ég hef ekki neinn ákveðinn stíl. Bara minn eigin,“ segir hún hugsi. „Hérna heima versla ég helst í Spúútník, Zöru eða Kolaportinu. Það er oft hægt að finna eitthvað skemmtilegt þar.“

Krummi með í poppið
Svala segir að samstarfið með Krumma bróður sínum hafi gengið vel og að hann eigi ekki í neinum vandræðum með að skipta um stíl, en flestir kannast við Krumma sem harðan rokkara úr Mínus. „Hann á mjög auðvelt með að vinna við ólíka tónlist enda er gott fyrir tónlistarmenn að festast ekki í einum stíl heldur prófa fleiri stefnur“. Frægt er orðið að Krummi er með nafn Svölu tattúverað á líkama sinn en Svala segir að ekki standi til að svara í sömu mynt og fá sér nafn Krumma. „Að minnsta kosti ekki í nánustu framtíð – en það er samt aldrei að vita. Ég er með tvö tattú núna og ætla að láta það duga í bili,“ segir hún og brosir.

Misstu ekki af heilsudegi ársins!

Sunnudagurinn 19. júní, frá kl. 11:00 – 16:00

Salur Stangveiðifélags Keflavíkur – Hafnargata 15, Keflavík – Efri hæð

I tilefni 25 ára afmæli Herbalife Int. bjóðum við öllum upp á heilsudag!

I okkar hópi eru m.a.

- Einnipjallar, lyfjakvæm, kornar, límbær, ruddrættar, dagmóðir, badmintonkornar, pipar, bókar, hár- og brúnafræðingur, o.þ.

Arangur okkar er m.a.

- Þyngdartap, meiri orka, þrek, úthald og vöðva-
- mætti, færi til, meirigæður færi, veikir og blágar hvíttar, lægri blóðþryggingar, færingi hult, meira gjóðsmætti, o.þ.

Allir velkomnir

Njóttu dagsins með okkur

Shapeworks!

Mótun líkamans eins og þú vilt hafa hann

Komdu og smakkaðu

- Ljúffenga sjúka
- Hressandi grænt orkute
- Gímilegt sælgæti

Fáðu ókeypis

Líkamsgreiningu

- Mæir LBM-vöðvamassa líkamans
- Mæir kaloriubrennslu
- Mæir þína persónulegu próteinþörf
- Mæir þína líkamskjörfþyngd

Einnig á staðnum

- Blóðþryggingarmæling
- Blóðsykursmæling
- Fituprósentumæling

Nouri Fusion!

Glæný húðvörulína

Hentar öllum – alltaf

Komdu og dekraðu

við sjálfan þig - Fáðu að prófa

Ertu að glíma við:

- Þurrkublettir
- Æðaslit
- Bólur og flápmila
- Ósmabær öldrunareinkennd

GÓÐA HÆLG!



139.900,-

"BRANDON" LEÐURHORNSÓFI MED TUNGU
Vorur að fá þennan glæsilega, brúna leðurhornsófa. Þykkt og sterkt leður ásamt leðurpúðum. Stílhreinn og þægilegur hornsófi sem sómur sér vel í hvaða stofu sem er!



BORD + 4 STÓLAR
24.900,-

SPARIÐ 3.960

"SANTA FE" BORD + 4 "MARINE" STÓLAR

Vandað húsgagnasett úr gegnhellum harðviði. Þola vel íslenska veðröftu. Í settinu eru 4 stólar með háu baki og stórt bord 85x150 sm. Hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið.
Bord 12.900,- Stóll 3.990,-

Jutlandia Harðviður



9.990,-

"ALEXANDRIA" FJÖLSKYLDUTJALD

Glæsilegt 4 manna fjölskyldutjald með fortjaldi og 2 svefnrymum. St. 550x290/190 sm. Efni: polyester. Þéttur vatnsvarinn botn. Þéttleiki: 1500 mm/m2. Þyngd 9,8 kg.

VERÐ FRÁ: 990,-



VELOUR VINDSÆNGUR

Stærð 76x193x22 sm, verð.....	990,-
Stærð 137x191x22 sm, verð.....	1.690,-
Stærð 152x203x22 sm, verð.....	1.990,-
Stærð 183x203x22 sm, verð.....	2.490,-



690,-

"US" STÓLL

Góður stóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja alveg saman svo lítill fari fyrir honum.



1.490,-

"NORMA" TJALD

Gott 2ja manna tjald með vatnsvörðu, akrýlhúðuð nyloni. Þéttur botn og sterkar stangir. St. 200x140x105 sm. Mjög létt, tekur lítið pláss.

2.990,-

SUNDLAUG

Stór og góð sundlaug í garðinn eða við sumar-bústaðinn. Frábær sundlaug fyrir fjölskylduna á tínu verði. Stærð 262x173 sm. Tekur 731 lítra.

"NAMSOS" SVEFNPOKI

Flottur svefnpoki. St. 195x75 sm. Ytra byrði polyester. Innra byrði polyester. Þyngd 1,1 kg. Má þvo í vél. Poki hylgir.

1.490,-



1.290,-

FÓTBOLTASETT

Glæsilegt fótboldasett með tveimur mörkum, bolta og pumpu. Tilvalið sett í sumarfríð!

3 BOLTAR
3 lítill boltar saman í pakka. Fint í fríð!



3 STK. 299,-

-góð kaup



139,-

EIN-NOTA GRILL

Stærð 23x29 sm. Tilbúið til notkunar með grillkolum, eldspýtum og grind.



www.rumfatalagerinn.is



990,-

ÚTILEGULJÓS

Frábært útileguljós sem gengur fyrir rafhlöðum. Tvær stillingar, sterk og dauð birta.



990,-

KRIKKETSETT

Með kylfum, boltum, staurum og hliðum. Núna getur öll fjölskyldan farið út að leika sér!

Þefaðir uppi

Er hægt að lesa í persónuleika manna og starf út frá rakspíranum? Fréttablaðið fékk fjóra karlmenn úr mismunandi starfsstéttum til að segja frá uppáhalds rakspíranum sínum og þrjár konur til að giska á hver ætti hvaða spíra.

Sigurður Kári Kristjánsson

Það er nú misjafnt eftir til efnum hvað ég nota, en helst er það Chic frá Carolina Herrera. Hann er rosalega góður, léttur og frískandi rakspíri. Ég nota hann svona mest. Ég keypti hann fyrir nokkrum mánuðum og þá var ég að kaupa annað glasið af honum. Ég átti H2O frá Carolina Herrera og líka fyrstu línuna frá því fyrirtæki áður, allir þessir ilmir eru mjög mildir og ferskir.

Álitsgjafarnir

Katrín: Ummm, þessi finnst mér góður. Mildur og góður.

Umm. Já...uss, ég veit ekki. Hún er ekki yfirþyrmandi, þetta er þægileg lykt. Ég ætla að tippa á að þetta sé söngvarinn.

Alma: Vá. Þessi er mjög góð. Lyktin er svolítið sæt einhvern veginn, en samt fersk. Ég segi fótboltamaðurinn.

Hrefna: Þessi er svolítið þung. Ég fíla léttari rakspíra. Ég giska á að þetta sé þingmaðurinn. Mér finnst þetta vera fyrir eldri menn.



TÓNLISTARMAÐURINN

Auðun Helgason

Ég var að kaupa mér nýjan, þennan nýjasta frá Boss. Hugo Boss Soul. Hann fer mínum hormónum vel, eða öfugt. Hann lyktar vel á mér, passar við mig. Konan hefur að minnsta kosti ekki kvartað enn þá. Frekar að hún sækist meira í mig en áður. Þetta er svona meðal karlmannlegt, engin blóm eða grænmeti eða grænt í þessu.

Álitsgjafarnir

Katrín: Já...Ég er ekki eins hrifin af þessari. Hún er of sterk fyrir minn smekk. Þetta er svona klassískur rakspíri. Þetta er örugglega stjórnmálamaðurinn, þeir vilja oft vera svolítið „safe“.

Alma: Þessi er þyngri. Þetta er

þung lykt, miðað við hinar, hún er þó ekkert rosalega þung. Svolítið krydduð. Ég segi þingmaðurinn. Ég finn þessa lykt í anda á manni sem fer í jakka-fötum í vinnuna.

Hrefna: Þessi er of þungur. Ég mæli ekki með þessum. Ég veit ekki hvað ég á að segja, mér finnst þetta ekki góð lykt. Ég þoli ekki svona þunga lykt, það verður að vera smá sumar og sítrónukeimur á þessu. Ég segi að þetta sé þingmaðurinn. Það passar reyndar ekki við það sem ég sagði áðan en það verður að hafa það.



ÍÞRÓTTAMAÐURINN

Vignir Snær Vigfússon

Ég hef notað Clinique Happy for Men örugglega í tvö ár, eitthvað svoléiðis. Aðallega finnst mér gott að hann er svona frekar ferskur, ég þoli ekki mjög sterka rakspíra.

Álitsgjafarnir

Katrín: Þetta er ein af þessum nýju, er það ekki. Mér finnst hún góð. Ég held að viðkomandi sé töluvert á ferð og flugi. Þetta gæti verið lykt af þessum fjór-um. Þetta kaupir maður í

fríhöfninni, þetta er svolítið þannig. Dálítið trendy.

Alma: Mjög fersk og sumarleg. Mér finnst þetta alveg geta verið leikarinn því hann er í miklu návígi við aðra í vinnunni og þess vegna mikilvægt að vera með léttu og ferska lykt.

Hrefna: Þetta er sumarlegt. Ég held að þetta sé bara besta lyktin. Ég giska á fótboltamanninn, hann er kannski með sumarlegri og sportlegri rakspíra.

ÁLITSGJAFARNIR



ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR Ölmur fannst rakspíri Auðuns vera dæmigerður fyrir mann í jakka-fötum. Þó að Auðunn sé í fótboltagallanum á vellinum má segja að Alma sé sannspá því Auðun er einnig þekktur fyrir að klæða sig vel.



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR Katrínu fannst rakspíri vinnufélagsins á Alþingi, Sigurðar Kára, vera mildur, þægilegur, og „ekki yfirþyrmandi.“ Hún giskaði á að rakspírinn tilheyrði söngvaranum í hópnum.



HREFNA JÓHANNESDÓTTIR Hrefna var ilmglöggust. Hún giskaði tvisvar á réttu týpunum sem verður að teljast góður árangur, en Alma og Katrín fengu ekkert rétt svar.



STJÓRNMÁLAMAÐURINN



LEIKARINN

Björn Ingi Hilmarsson



Ég nota Issey Miyake ilm-inn, L'eau D'Issey Pour Homme. Kæranstán mín gaf mér hann fyrir svona tveimur og hálfu ári. Ég var að klára hann og á eftir að endurnýja. Mér finnst eiginlega best þegar ég hætti að finna lyktina sjálfur. En þegar ég er nýbúinn að setja hana á mig finn ég hana alltaf, það er eitthvað dularfullt og gott við þennan rakspíra.

Álitsgjafarnir

Katrín: Nei, þetta er business-týpa. Teinótt jakka-föt sé ég fyrir mér. Hann er voða góður, þetta er svona sápuilmur einhver. Ég giska á fótboltamanninn, og að hann vinni í banka. Eitthvað svoléiðis.

Alma: Já, vinur minn notar þessa lykt. Mér finnst hún mjög góð. Þetta minnir mig strax á hann en ég veit ekkert hvað hún heitir. Ef þetta er eitthvað líkt honum þá er þetta mjög viðkunnaður náungi, mjúkur maður og hugsar um útlitið. Ég segi að þetta sé tónlistarmaðurinn.

Hrefna: Þessi er svona... ég veit það ekki alveg. Smá sítrónukeimur. Sumarlegur. Það er erfitt að segja, ekki hægt að dæma fólk út frá lyktinni. Ég giska á að þetta sé leikarinn.

Sólarupprás

Hádegi

Sólarlag

REYKJAVÍK

2.55

13.29

00.03

AKUREYRI

1.31

13.14

00.59

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 18. júní, 169. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég ætla að verða handboltamaður því kennarinn segir að ég sé fljótur að grípa hlutina!



Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 11

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á [visir.is](#)



FASTEIGNIR HEIMILI **FERÐIR** HEILSA HÚS NÁM MATUR **BÍLAR** ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ o.fl.

allt

bílar o.fl.

Kawasaki Z750-S reynsluekið

BLS. 4



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á [visir.is](#)

Inda er ánægð með nýja hjólið og leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að vera vel gallaður með góðan hjálm.

Frábært fjölskyldusport

Inda Björk Alexandersdóttir var að fá sér nýtt mótorkhjól. Hún fékk delluna fyrir þrettán árum og eftir það varð ekki aftur snúið.

„Fyrrverandi sambýlismaður minn átti hjól og ég smitaðist af bakteríunni,“ segir Inda. „Ég var ekki einu sinni með próf þegar áhuginn vaknaði, en ég dreif mig að taka prófið um leið og ég mátti. Þetta er þess eðlis að maður verður auðveldlega húkkaður.“

Fyrsta hjólið sem Inda eignaðist var 100 Kawasaki, árgerð '78. „Það var ágætis græja, en þetta sem ég var að fá núna er meiriháttar. Þetta er Triumph Speedmaster, rosalega hippo. Ekki hippalegt,“ útskýrir hún, „meira svona króm. Hippahjólin voru gömlu Goldwingarnir sem voru eins og hálfgerð sófasett.“

Inda pantaði hjólið upp úr bæklingi og var jafnvel örlítið smeyk um að það væri ekki nógu stórt. „Félagi minn er kominn

með Triumph-umboðið á Íslandi sem er nú virkt á Íslandi í fyrsta skipti í 25 ár. Nú þegar ég er búin að fá það og prófa það er ég alsæl.“

Inda segist ekki beint geta skilgreint hvað það er sem er svona skemmtilegt við mótorkjólasportið. „Það er bara allt. Maður kemst í beina snertingu við náttúruna þegar maður er á ferð um landið og það er svo gott að vera einn með sjálfum sér. Þetta er bara svo ólýsanlega gaman.“

Inda á þrjú börn, ellefu ára , fimm ára og eins árs og þessi ellefu ára mjög áhugasamur. „Þetta er sport sem hentar fjölskyldufólki og nú erum við til dæmis á leið á fjölskylduhátíð á Siglufirði með Sniglunum.“

Inda segir enn örla á fordómum gagnvart mótorkjólafólki og segir brýnt að það breytist. „Það er ekki auðvelt að vera á mótorkjól í umferðinni, aðallega vegna tillitsleysis og frekju þerra sem eru á bíl. Þetta verður að laga og það gerist ekki nema með árðöri og meiri skilningi.“

Arai bestu hjálmar í heimi

Í ÁRLEGRI KÖNNUN J.D. POWER KEMUR FRAM AÐ YNGRI MÓTORHJÓLAMENN LEGGJA MEIRA UPP ÚR ÚTLITI HJÁLMSINS.

Mótorhjólamaenn eru hrifnastir af Arai-hjálum og telja þá vera besta í heimi. Þetta er sjötta árið sem mótorkjólamaenn velja Arai-hjálmana besta í árlegri könnun J.D. Power. Í könnuninni er spurt um atriði eins og öryggi, þægindi, loftræstingu og útlit og skreytingu utan á hjálminum eins og sagt er frá á heimasíðu FIB, fib.is.

Allir sem tóku þátt í könnuninni eiga það sammerkt að leggja mikið upp úr öryggi og þægindum. Nokkur munur reyndist á smekk eftir aldri þátttakenda. Yngri mótorkjólamaenn spá í útlit, liti og skreytingar í mun meira mæli en þeir eldri. Á eftir Arai að heildarstigum koma Shoei, Schuberth, KBC, Nolan og Harley-Davidson, sem allir eru taldir yfir meðallagi að gæðum.

Yngri mótorkjólamaenn finnst mikilvægt að hafa hjálminn vel skreyttan.

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

ESP-skrensvörn og stöðugleikakerfi verður staðalbúnaður í Opel Astra frá og með haustinu samkvæmt Claes Tinvall, stjórnarformanni EuroNCAP og yfirmanni umferðaröryggismála hjá sænsku vegamálastofnuninni. Nýi fimm stjörnu smábíllinn Renault Modus verður framvegis með ESP kerfi sem hluta staðalbúnaðar. Svíþjóð er það land þar sem hlutfallslega flestir nýir bílar í veröldinni eru með ESP búnaði, eða 69 prósent.

sérfræðingar í Formúlu 1 þar sem öll svörin er að finna á vefsíðunni [ruv.is/f1](#).

Renault Megane, Ford Focus og Volkswagen Golf eru þrír söluhæstu bílarnir í Evrópu samkvæmt frétt á heimasíðu B&L, bl.is. Megane er með 4,5 prósent markaðshlutdeild, Focus með 4,0 prósent og Golf með 3,5 prósent.

Á heimasíðu Sjónvarpsins, [ruv.is](#), er að finna Formúlu 1 spurningaleik. Heppnum þátttakanda verður boðið á Formúlu 1 kappaksturinn á Spa brautinni í Belgíu í september í boði Toyota. Ekki þurfa þátttakendur að vera

Ford í Bandaríkjunum hefur tilkynnt áætlun um að selja að minnsta kosti 900 þúsund F-series pallbíla á þessu ári. Ef það tekst yrði Ford eina fyrirtækið til að selja 900 þúsund farartæki tvö ár í röð. Í fyrri setti Ford sér takmarkið að selja meira en 911 þúsund F-series vörubíla en fyrirtækið seldi alls 939.511. Enn fremur ætla Ford að selja 100 þúsund Titan pallbíla en í fyrri seldust 83.848.

[bilar@frettabladid.is](#)

Njóttu frelsisins...

MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúnir fjórhjóladrífir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000,-** 2ja ára verksmiðjuábyrgð.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500
Netfang: [x4@x4.is](#) - [www.x4.is](#)

Vatn

Á löngu flugi er líkamanum nauðsynlegt að fá nóg af vatni. Ágætt er að hafa vatnsbrúsa með sér í handfarangur og setja sér það markmið að drekka hann allan á meðan flugi stendur.



Jónsmessunæturanga Útivistar

Að fá að vera á göngu og fylgjast með sólinni rétt tylla sér þar sem jökullinn ber við himin og rísa einu augnabliki síðar eru forréttindi.

Hvar verður þú helgina
24.-26. júní?
Bókun stendur yfir
nokkur sæti laus



ÚTIVIST

Leggðu land undir fót með okkur

Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is



Kjötsúpa að hætti
Ensku húsanna
alla daga!

**ENSKU HÚSIN
VIÐ LANGÁ**
Hús með sögu og sál
sími: 437 1826 / 862 8946

Vatnsfjörður er með falletgri stöðum á vestfjörðum
Hótel Flókalundur Vatnsfirði býður ykkur
velkomin í sumar.

Gott tjaldstæði.
Við tökum vel á móti ykkur.

Sími 456-2011
www.flokalundur.is



Stilling
- betri en bestir

Bílavarahlutir

THULE
SWEDEN

Ferðabox



Ocean 100 / 360 lítrar



Apollo 100 / 350 lítrar

Tilboð 23.900.-



Ocean 600 / 330 lítrar



X1 / 450 lítrar



Spirit 820 / 480 lítrar



Stilling

ADALNÚMER • SÍMI 520 8000 WWW.stilling.is
SKEIFUNNI 11 RVÍK. • SÍMI 520 8001 SMÖÐJUEGI 68 KÖP. • SÍMI 520 8004
DALSHRAUNI 13 HFN. • SÍMI 520 8003 BILDHÖFÐA 16 RVÍK. • SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. • SÍMI 520 8006



Húsín eru falleg í Oberwesel.

Ljúft andrúmsloft í Oberwesel

Margir heillandi smábæir eru á bökkum Rínar í Þýskalandi. Einn þeirra er Oberwesel. Hann er í Rínardal miðjum, nærri hinum dulúðuga Loreleikletti.

Líkt og hin fagra Lorelei seiddi til sín unga menn, að því er þjóðsagan segir, þá dregur Oberwesel að sér ferðamenn í stórum stíl, bæði á landi og legi. Einkum breiðir bærinn faðminn mót þeim sem koma siglandi um Rín. Kastalinn Schönburg frá 12. öld gnæfir yfir og leifar af þriggja kílómetra virkisvegg með turnum setja ævintýralegan svip á bæinn. Sagan er við hvert fótmaál. Meðal fornra bygginga er Mariukirkjan Rote Kirche sem er 600 ára gömul. Byrjað var á henni árið 1308. Þar er gullaltari er í einum kórnum og frægt Barrokkorgel kirkjunnar var byggt af Ererhardt á árunum 1740-1745.

Þegar gengið er um Oberwesel vekja krítarstafir á útihurðum athygli. Skýringin á þeim er sú að árlega ganga bæjarbúar í hús og safna peningum til góðra málefna. Gefendurnir telja sig verndaða af vitringunum þremur Kaspar, Melkior og Baltasar og það eru upphafsstaðir þeirra þriggja sem ritaðir eru á útihurðirnar ásamt gjafarári.

Enda þótt íbúar Oberwesel séu bara rétt um tvö þúsund talsins nú þá er bærinn þekktur fyrir mikla og góða vínframleiðslu, meðal annars á Riesling vínum. Flutningaprammar og farþegaferjur líða eftir Rín en meðfram henni sitt hvorum megin eru vegir og



Kastalar frá miðöldum setja svip sinn á Rínardalinn og bera vitni um stórbrotna sögu héraðsins.

hjólastígar góðir. Flugvöllurinn Frankfurt Hahn er skammt frá og þangað hefur Iceland Express

tekið upp áætlanarferðir þrisvar í viku, á þriðjudögum, miðvikudögum og laugardögum.

Kötturinn varði tunnuna

Þýskir vínbændur taka vel á móti ferðamönnum. Sumir bjóða gestum í vinkjallara sína, aðrir sýna akrana og enn aðrir gera hvorutveggja. Smökkun á framleiðslunni fylgir með fyrir þá sem vilja.

Zell er eitt stærsta vínhérað Þýskalands. Það er í miðju ferðamannasvæði Móseldalsins og þrúgurnar vaxa þar vel í mildu og sólríku loftslaginu. Víða er brattinn mikill í hliðunum þannig að fólk þarf að vera í böndum við vinnu sína við plönturnar.

Schwartz Katz-vínið er eitt frægasta vín héraðsins. Eftirfarandi saga er til um uppruna þess. Áður fyrr keyptu kaupmenn vín frá framleiðendum í tunnuni en ekki í flöskum eins og nú. Eitt sinn kom hópur kaupmanna til að smakka framleiðsluna og velja vín. Úr því varð allsherjarfylleri og þegar kaupmennirnir vöknðu daginn eftir mundu þeir ekkert hvaða vín hafði bragðast best. Ofan á einni tunnunni sat svartur köttur og varði hann tunnuna þegar einhver nálgæðist hana. Þó náðu kaupmennirnir að hrekja hann burtu og kom þá í ljós að sú tunna geymði besta vínið. Keyptu þeir það allir og síðan uxu vinsældir þess jafnt og þétt. Vínið var skírt Zwartze Katz og það er eðalvara.



Stoltur bóndi í Zell býður til veislu í vinkjallaranum sínum. Svarti kötturinn er víðfrægur.

Fyrsti bitinn af stóra eplinu

Þóru Ingólfsdóttur hafði lengi langað til New York en ekki haft tækifæri til að láta drauminn rætast. Um daginn ákvað hún að lífið væri of stutt til að fresta draumaferðinni öllu lengur og dreif sig af stað. Hún varð ekki fyrir vonbrigðum.

„Ég viðraði hugmyndina við nokkrar vinkonur mínar og þá kom í ljós að ég var ekki sú eina sem langaði að heimsækja stórborgina. Við ákváðum að fara fjórar saman og hittum þá fimmtu úti. Ég samdi við mann og börn um að ég færi í húsmæðra-orlof til New York að þessu sinni og samningar tókust bara vel,“ segir Þóra hlæjandi.

Þórá vissi lítið um New York við komuna þangað, en ákvað að láta síni flæða með orkunni. „Mínar hugmyndir um borgina voru meira og minna óraunverulegar enda fengnar úr bíómýndum og sjónvarpsþáttum. En ég varð síður en svo fyrir vonbrigðum. Þegar ég gekk út á götu í fyrsta sinn bókstaflega þöndust skilningarvitin út. Þarna var allt svo stórt og mikið af öllu. Mikið af fólki, mikið af byggingum, margs konar hávaði, og stöðug sjónaréiti frá ljósaskiltum og auglýsingum sem reyndu að fanga athygli veffarenda. Í New York virðist eins og hægt sé að gera allt, kaupa allt og sjá allt. Þrátt fyrir þetta er andrúmsloftið fremur afslappað og því fylgdi öryggisfílfinningin sem stundum lætur þig vanta þegar farið er á nýjar slóðir. Ég hafði af einhverjum ástæðum ímyndað mér fyrir fram að New York-búar væru stressaðir og fúlir en það var síður en svo raunin. Fólk var brosmilt og þægilegt og skipulagið svo gott að þrátt fyrir mannfjöldann gekk allt meira og minna eins og smurt.“



Þóra Ingólfssdóttir var alsæl með fyrstu ferðina til New York þar sem allt er svo stórt og mikið af öllu.

Þóra mælir sterklega með því fyrir þá sem eru að fara til New York í fyrsta skipti að byrja á því að fara í tveggja til þriggja tíma skoðunarferð um borgina í þar til gerðum vagni sem hægt er að taka nánast á hverju horni.

„Fyrir þá sem vilja skoða
helstu staðina á stuttum tíma er
sniðugt að kaupa sér tveggja eða

þriggja daga passa í þessa vagna því þá er hægt að hoppa inn og út á helstu stöðum. Ég fór ekki í slíka ferð fyrr en á síðasta degi og þá rann upp fyrir mér að þrátt fyrir að margt hefði verið skoðað og gert hafði ég ekki tekið nema agnarlínitinn, næstum ósýnilegan bita af stóra eplinu.“

edda@frettabladid.is

Sjö daga stafganga í Dólómíta fjöllum

Gönguferðir í útlöndum njóta æ meiri vinsælda og í sumar halda Heimsferðir með hatt og staf upp í ítölsku Alpna.

„Allar gönguferðirnar eru byggðar upp þannig að ferðir er í dagsgöngur út frá hóteli og að kvöldi bíða ferðalanganna notalegheit á hótelinu,“ segir Halldór Hreinsón fararstjóri, sem ætlar að leiða gönguglaða Íslendinga í sjö daga stafgöngu um ítölsku Alpna í sumar.

„Við verðum á göngu í 5-8 tíma á dag að jafnaði og ég vel nýja leið á hverjum degi miðað við bestu skilyrði hverju sinni. Við gistum allan tímann á sama stað, á góðu þrígga stjörnu hóteli í smáþorpinu San Vito di Cadore á Norður-Ítalíu. Loftslagið þarna á þessum tíma er notalegt og heppilegt til gönguferða.“

Stafröngukennsla verður á hverjum degi, en Halldór segir að göður búnaður sé nauðsynlegur, eins og góðir gönguskórir, léttur göngu- og hlífðarklæðnaður, lítill bakpoki og göngustafir, en nánari ábendingar og listi yfir búnað verður sendur þátttakendum fyrir brottför.

„Náttúrufegurðin þarna er ótrúleg, við göngum um fjöll og dali, engi og skóga og notum



Framrúða

Á ferðalagi um landið er alveg nauðsynlegt að hafa gluggahreinsi og klúta í bílnum til að þrifa rúðuna. Fátt er leiðinlegra en að keyra með framrúðu fulla af dauðum flugum og langt í næstu bensinstöð.

f31240105_sprey-brusi_0.jpg

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS



TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuveg 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

BH RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2336 • Fax: 587-9444 • bghretingar@is.is

Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig

CABAS
VERKSTÆÐI

VÉLASTILLING S.F.
AUBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun



• Allhliða réttingar og sprautun
• Þrútnýgðir starfsmenn
• Cabas tjónaskoðunarkerfi
• Hjólmóðulið Heiða

JONASAR

Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 587 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

olis

SMURSTÖÐIN
Vogar

20 ára reynsla - Fíjót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

Bílar & SPORT

Áskriftarsími:
588 7888

www.bilarogsport.is



REYNSLUAKSTUR



Zetan í essinu sínu. Z750-S-hjólíð nýtur sín best á beygjurikum þjóðvegi.

Kawasaki Zetan snýr aftur

Z750 S er nýtt götuhjól frá Kawasaki. Það er nýjasta kynslóð Kawasaki-hjóls sem ber einkennisstafinn Z, en sú nafngift á sér 30 ára hefð.

Þótt bókstafurinn Z hafi verið gerður útlægur úr opinberri réttritun íslenskrar tungu fyrir þremur áratugum hefur þessi formfagri bókstafur á sama tímabili áunnið sér verðugan sess í hugum íslenskra mótörhjólaáhugamanna. Þökk sé japönsku mótörhjólasmiðjunni Kawasaki, sem lagði grunninn að velgengi sinni með fyrstu „zetunni“, Z1 900-hjólinu, sem kom á markað árið 1973 og heillaði mótörhjólaáhugamenn um allan heim. Það sem heillaði mest var fjögurra strokka línu-fjarkinn sem skilaði afli á við öflugustu kappaksturshjól þess tíma, en var samt áreiðanlegri og langlífari en evrópska samkeppnin – og þar að auki á lægra verði.

Sjálfur tók undirritaður mótörhjólaprófið á sínum tíma á Z650, sem er annað klassískt Z-hjól úr smiðju Kawasaki. Það var á áttunda áratugnum, þegar GPZ1100 var toppurinn á sporthjólamarkaðnum, en það hafði tekið við af upp-runalega Z1000-hjólinu. Á tíunda áratugnum týndist síðan zetan svolítið í bókstafasúpunni í framleiðslulínu Kawasaki – dæmi: ZRX, ZX-R, ZZR.

Þegar Kawasaki kynnti nýja Z1000-hjólíð árið 2002, nákvæmlega þrjátíu árum eftir að fyrsta Zetan var kynnt, var því sem japanska sporthjólasmíðan hefði snúið aftur til gamalla gilda sinna. Þessu stutta og laggóða nafni með sögulega skírskotun var heldur ekki spanderað á neina málamiðlunarsmíð. Klæðningarlausu Z1000-hjólíð sló í gegn og er nú með þeim söluhæstu í Evrópu.

En Kawasaki-menn létu kné fylgja kviði er þeir kynntu Z750-



Nýju S-týpuna einkennir hálfklæðning og langur hnakkur.

KAWASAKI Z750 S

Vél: 4 str. vatnskæld línuvél m. innspýtingu, púst 4-1-1
Afl: 110 hö. (81 kW) v. 11.000 sn/mín, 75 Nm tog v. 8.200 sn/mín
Þyngd: Þurrvigt 199 kg, fulltankað 218 kg
Hröðun: 3,2 sek. 0-100 km/klst
Hámarks hraði: 235 km/klst
Eyðsla: 5,9 l/100 km
Listaverð: 980.000 kr.
Umboð: Nitró ehf. (www.nitro.is)



Vatnskælda 750 cc-innsþýtingarvélin er kjarninn í akstursánægjunni.

hjólið einu ári síðar. Þar var mætt í samkeppnina hjól í sama verðflokki og 600-hjól, en með vél sem er að grunni til sú sama og í Z1000-hjólinu með aðeins minni útborun. Það er einmitt þessi vél sem gerir Z750-hjólíð að svo spennandi valkosti.

Það var blaðamanni því kærkomið að fá tækifæri til að sannreyna þann orðstír sem af nýjustu zetunni fer, er honum gafst tækifæri til að reynsluaka 2005-árgerðinni af Z750 S. „S“-týpan kom fyrst á markað nú í ár, en aðalmunurinn er að hún er búin hálfklæðingu og heilum hnakki (þ.e. ekki stökum sætum fyrir ökumann og farþega). Um það má deila hvort klæðningin fegri gripinn, en hjólíð á þannig að vera betur búið til ferðalaga.

Í stuttu máli má segja að hjólíð hafi sannarlega staðið undir væntingum. Með Z750 S-hjólinu fæst gríðarlega mikið mótörhjól fyrir peninginn. Það er satt að segja erfitt að sjá að nokkur mótörhjóla-maður sem búsettur er á hinu kappakstursbrautalausla Íslandi hafi við meira afl, meiri akstursgetu að gera en fæst í þessu hjóli.

Vélin skilar góðu togi strax á til-tölulega lágu snúningi (frá 3000 sn.) og feykinógu afli sé henni snúið í átt að „rauða strikinu“ – hámarks-tog er 75 Nm v. 8200 snúninga, hámarksafl 110 hö. við 11.000 snúninga. Þetta er þar að auki mjög vel „skammtanlegt“ afl, sem gerir hjólíð mjög viðráðanlegt. Þessir eiginleikar vélarinnar ásamt hinu góða jafnvægi í hjólinu, lipri girskiptingunni, mátulega stífri fjöðruninni (þ.e. ekki of stífri fyrir íslenska vegi), gripmiklum dekkjunum

(Bridgestone BT-012), mátulega öflugum hemlunum og afslappaðri en þó sportlegri ásetunni gerir að verkum að strax á fyrstu kílómetrunum öðlast knapinn mikið traust á tækinu sem hann stýrir.

Við sex þúsund snúninga fer titringur frá vélinni að gera allþægilega vart við sig, en hann hverfur aftur þegar 8.000-snúningamarkið nálgast. Þetta veldur ökumanni annars litlu angri í raun, þar sem undir 6.000 sn. er feykinóg afl í innanbæjarsnattið. Ef meira afls er óskað – svo sem við framúrakstur – þarf ekki annað en að gefa inn og hámarksaflíð – sem er á bilinu átta til ellefu þús. sn. – kýlist inn og rífur mann bókstaflega áfram. Síðan skiptir maður bara upp í hærri gir – þeir eru sex svo af nógu er að taka – og lætur vélinu mala með sínum örvandi bassatón á þægilegum „krúsing“-snúningi.

Annað sem mætti gagnrýna er að vindvörnin sem hálfklæðningin veitir er takmörkuð, þar sem hún beinir vindinum á axlir og höfuð ökumanns. En það fylgir hinna afslappað-upprétta ásetu, einkum og sér í lagi ef ökumaður er yfir meðalhæð.

Í hnotskurn má segja að Kawasaki Z750 S hafi allt til að bera sem maður óskar sér að gott götuhjól búi yfir – og það á sannarlega samkeppnishæfu verði. Það er mjög lipurt og meðfærilegt og þannig þægilegt til hversdagsbrúks, en býr samt yfir nægu afli til að gefa jafnvel vönustu knöpum „hröðunar-kikkíð“ sem gerir svona tæki jú svo eftirsóknarverð.

audunn@frettabladid.is

Traust
dráttarbeisli

Ásetning á staðnum.



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Konur virðast óttast vélarbilun og að verða villtar á vegum úti.

Konur keyra meira en karlmenn

NÝ KÖNNUN Í BANDARÍKJUNUM LEIÐIR Í LJÓÐ AÐ KONUR ERU HRÆDDAR VIÐ HÆTTURNAR Í UMFERÐINNI.

Konur keyra meira með hverju árinu og nú keyra þær jafnvel meira en karlmenn. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem gerð var af umferðaröryggisráði Bandaríkjanna. Konum finnst, ef marka má niðurstöðurnar, þær vera berskjaldaðar í umferðinni. Fjórar af tíu konum finnst þær óöruggar þegar þær keyra einar og þrjár af fjórum sögðust verða áhyggjufyllri þegar börnin þeirra væru í bílnum. Margar konur óttast að það springi dekk eða vélarbilun geri vart við sig. Meirihluti kvenna sem tók þátt í könnuninni óttast að lenda í árekstri eða það sem verra er: villast á vegum úti.



Brosum fyrir betri vegi

Þetta sumar hefur byrjað óvenjulega vel hvað tíðarfarar varðar. Ég býst reyndar ekki við að bændur séu sammála mér en sól og hiti henta alltént vel til útiveru og ferðalaga. Ég reyni að láta mitt ekki eftir liggja; held út úr bænum á vit ævintýranna þegar tími leyfir og nýt þess að keyra um landið okkar. Víða tefst för vegna framkvæmda við vegi og brýr og þegar verst lætur má litlu muna að það sé búið að moka veginn í burtu. Ég held ég viti fátt leiðinlegra en gatna- og vegavinnuframkvæmdir á sumrin. Jú – reyndar veit ég um eitt sem slær það út. Það er að vinna við vegagerð á sumrin. Sumarið sem ég varð sautján ára var ég að vinna nokkrar vikur við vegagerð norður í landi. Vinnutíminn var langur, frí voru fá og stutt, veðrið stundum þannig að maður stóð ekki í lappirnar og umferðin var alltaf mest þegar vegurinn var verstur. Samt var þetta yfirleitt mjög skemmtilegt. Yfirleitt. Eðli málsins samkvæmt þurfti stundum að beina umferð um slóða þegar vegurinn sjálfur var ófær. Þetta var í fjallshlíð svo að stundum var slóðinn ekki beysinn. Þá þótti fint hjá sumum vegfarendum að skrúfa niður rúðuna, skamma okkur fyrir að eyðileggja bílinn og líf sitt og hnýta svo nokkrum vel völdum uppnefningum aftast í mál sitt. Hótanir um málaferli voru ekki algengar en eitthvað slíkt þekktist þó. Sem betur fer blíðkaðist fólk þegar það komst á malbikið aftur og ekki minnst ég þess að neinn bílanna hafi hrunið fyrir augum mínum, líkt og eigendurnir voru vissir um að þeir myndu gera. Vegavinnufólk er auðvitað bara að vinna vinnuna sína. Það reynir að búa þannig um hnútana að rask á umferð sé eins lítið og hægt er en stundum er það því miður óhjákvæmilegt. Að rífast við okkur um þá ákvörðun að bæta veginn þá og þarna var eins og að reyna að semja um verð á mjólkurlítranum við kassadömu í Bónus. Eða skamma lamb fyrir lágt verð á lambakjöti til bænda. Við getum huggað okkur við það að tilgangurinn er okkur öllum til góða. Betri vegir og götur þýða greiðari umferð og færri slys. Í raun ættum við öll að skrúfa niður rúðuna þegar við keyrum framhjá vegavinnuflokki næst. Skrúfa niður, brosa og veifa. Þeir sem þurfa endilega að öskra eitthvað geta prófað að öskra: „Takk. Ég hlakka til að keyra hér þegar vegurinn er tilbúinn.“

Fjölskyldugleði og drulluspyrna Sniglanna

Í ár er 100 ára afmæli mótórhjólsins á Íslandi. Sniglarnir fagna því eins og vera ber og halda hátíð til heiðurs hjólinu á Siglufirði um helgina.

Baldvin Jónsson, stjórnarmaður í Sniglunum, segir að efnt verði til hópferða á hátíðina en langflestir fara að sjálfsögðu á hjólum. „Það eru þó alltaf einhverjir sem fara á bíl og þá drekkhlaðnir því fólk reynir að koma sem mestum farangri á bílana til að létta á hjólunum. Þetta er mikil fjölskylduhátíð en fyrir utan hefðbundið grill og gleði verða í gangi aksturskeppnir, drulluspyrna og klettaklifur með meiru og svo verður að sjálfsögðu hópakstur.“ Fyrsta mótórhjólíð kom til Íslands frá Danmörku árið 1905 og var af gerðinni ELG. „Það hefur mikið breyst síðan þá,“ segir Baldvin hlæjandi, en hann hefur verið Snigill í þrjú ár og forfallinn mótórhjólaáhugamaður í sextán. „Ég hef oft hugleitt hvort ég geti ekki fundið mér annað áhugamál samhliða þessu en finn það bara ekki í hjarta mínu. Þetta er svo skemmtilegur félagsskapur. Aðalmarkmiðið er auðvitað að stuðla að betri umferðarmenningu en svo gleymum við ekki að hafa gaman saman.“



Baldvin Jónsson segir að mótórhjólaáhuginn og félagsskapur Sniglanna sé lífsstíll. Aðalmarkmið Sniglanna er að koma á bættri umferðarmenningu.

Á sumrin er mikið um að vera hjá Sniglunum en tveimur vikum eftir Siglufjarðarhátíðina verður efnt til Landsmóts í Tjarnarlundi. Þá eru fyrirhuguð í sumar mót-orcross víða um land, samvera í

Fjölskyldugarðinum, Norðurlandsferð á Fiskidaga, ferð um Reykjanes og fjölskyldumót í ágúst, svo eitthvað sé nefnt. Allar upplýsingar um félagsskapinn má fá á heimasíðu samtakana, www.sniglar.is ■

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusiur í flestar gerðir bíla Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta! Alltaf heitt á könnunni!



Verðlauna kerran loksins komin

Klick-N-Go

Kerran er með þremur hjólum og grind sem festist á poka. Kerran er létt og þægileg



Aukahlutir:

Festingar fyrir kerru og poka til að hengja á vegg Regnhlífastatíf

Söluaðilar:

Lexa - Golfbúðin



Umboðsaðili:



Askalind 2
201 Kópavogur
Sími 565 2000 / 897 1100

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.



Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

Það eina sem er erfitt við að kaupa nýjan bíl . . .

. . . er að þurfa að leyfa krökkunum að keyra hann



Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Bónarinn (Bing-Bing) ☎ 554 1091
663 5282

Mössun • Bón • Alprif
Afhreinsun merkinga
Djúphreinsun

Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

**ÓDÝR, NOTUÐ OG NÝ
SUMARDEKK**

Vaka

Sími 567-6860

25 YEARS GARAGE TANKS, OIL, AIR, BRAKE, TYRE, WASH, WAX, POLISH, GLASS, BATTERY, SIKKENS

Réttingaverkstæði

Jóa ehf.

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettinga@rettinga.is • www.rettinga.is

**BÍLAMÁLUN
RÉTTINGAR**

AB-VARAHUTIR ehf.

Varahlutir í Japanska og Evrópska bíla

Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is

Béti vara - Betri verð

Smurstöðin KLÖPP

Þjónustumiðstöð við Vegmúla

Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingþjónusta
Rafgeymþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara - ísetningar o.fl.

Vegmúli 4 • Sími 553 0440

TRIO

GOLFHJÓL

Partur-Spyrnan-Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

BÍFREIÐASTILLINGIN

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum
bila vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bífreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400



FRETTLABÍD/GVA

Svona lítur bíllinn út í dag og er að taka á sig endanlega mynd.

Gömul rúta fær nýtt andlit

Rúta af gerðinni Mercedes Benz árgerð 1960 er nú nánast tilbúin á götuna, en strákarnir á bilaverkstæði Guðmundar Jónassonar hafa verið að dunda við að koma henni í upprunalegt horf.

Valdimar Ásmundsson bifreiðarstjóri ók þessari rútu um landið þvert og endilangt á sínum tíma og er harla ánægður með að hún skuli vera að komast í gagnið aftur.

„Þetta var svokallaður grindar-bíll sem kom húslaus, en það var byggt yfir hann í Bílasmíðjunni. Þetta var ljómandi góður bíll, ég fór á honum margar ferðir austur í Örfæfi löngu áður en þar voru nokkrir vegir eða brýr og það gekk allt að óskum,“ segir Valdimar.

Bíllinn er óðum að taka á sig upphaflega mynd en nú er hann reyndar framdrifinn sem hann var ekki áður.

„Það er verið að gera hann alveg tippot, búið að sandblása hann og ryðverja, yfirdekkja sætin og leggja nýjan dúk. Þetta verður elsta rútan á götunni þegar allt er tilbúið,“ segir Valdimar.

Hann segir að margt hafi breyst á þeim fjörutíu árum sem hann hefur verið langferðabílstjóri og þá sérstaklega í umferðinni.

„Bílnir eru náttúrlega alltaf að batna en umferðin hefur stórværnað og hraðinn aukist. Ég held mig alltaf á löglegum hraða og þvælist bara fyrir. En farþegarnir eru samir við sig.“

Valdimar segir að mikill munur sé á farþegum eftir þjóðerni þeirra, til dæmis séu þjóðverjar mjög vel upplýstir áður en þeir koma en Bandaríkjamennirnir síður. „Þeir spyrja oft stórfurðulegra spurninga,“ segir Valdimar og hlær. „En svona rúta vekur athygli allra, þessi bíll var til dæmis notaður fyrir nokkrum árum til að



Gamli sjúkrakassinn er úr harðviði.



Sætin bíða þess að fá ný áklæði og í framhaldi af því nýja ferðalanga.



Rútan hefur staðið inni á verkstæði Guðmundar Jónassonar í þrjú ár, en nú sér fyrir endann á viðgerðunum.



Valdimar Ásmundsson er harla ánægður við stýrið á rútnu gömlu.

fara með Bandaríkjamenn upp í Heiðmörk og þeir höfðu mjög gaman af því.“

Svaðillför við Hólmavík

Valdimar hefur að sjálfsögðu lent í ýmsu þótt alltaf hafi farið vel að lokum en varkárinn er honum í blóð borin. „Ég óð alltaf út í árnar sjálfur og fann út hvar best var að fara. Ég treysti engum nema sjálfum mér,“ segir hann brosandí. „Það var sennilega það versta sem ég lenti í þegar ég lokaðist inni á Hólmavík í mars árið 1969. Það hafði kyngt niður snjó en veðurspáin var góð þannig að ég fór af stað frá Hólmavík um morguninn. Ég var ekki kominn nema um fjóra kílómetra þegar brast á með norðan stórhrið. Ég var á gríðarlega öflugum bíl og sneri við í ofboði, og það passaði því svo sá ég ekki glóru næsta hálf tímann. Það var auðvitað ekkert að gera nema fara til

